

ÁRSSKÝRSLA ALÞINGIS 2008–2009



STÖRF 136. LÖGGJAFARÞINGS 2008–2009
ÁRSREIKNINGUR ALÞINGIS 2008

ÁRSSKÝRSLA ALÞINGIS 2008–2009

STÖRF 136. LÖGGJAFARÞINGS 2008–2009
ÁRSREIKNINGUR ALÞINGIS 2008

Skrifstofa Alþingis gaf út

Reykjavík desember 2010

| | |
|---|----|
| Inngangur forseta Alþingis | 7 |
| Skipan þingsins á 136. þingi 2008–2009 | 8 |
| Forsætisnefnd Alþingis | 8 |
| Þingmenn og þingflokkar..... | 9 |
| Fastanefndir | 11 |
| Alþjóðanefndir | 15 |
| Þingstörfin | 16 |
| Þingmál | 16 |
| Þingfundir | 19 |
| Þingnefndir | 19 |
| Opnir nefndafundir | 20 |
| Ferðir fastanefnda | 20 |
| Erlend samskipti | 21 |
| Störf alþjóðanefnda | 21 |
| Heimsóknir og fundir forseta Alþingis í útlöndum | 21 |
| Þátttaka þingmanna í ráðstefnum og fundum erlendis..... | 21 |
| Erlendar heimsóknir til Alþingis | 21 |
| Útgáfuefni Alþingis og fræðsla fyrir almenning | 22 |
| Skrifstofa Alþingis | 23 |
| Nýjungar í starfi skrifstofunnar | 23 |
| Starfsmenn skrifstofu Alþingis | 23 |
| Erlend samskipti starfsfólks á árinu 2008 | 25 |
| Húsakostur Alþingis | 26 |
| Fornleifaathuganir á Alþingisreit | 26 |
| Skemmdir á Alþingishúsinu | 27 |
| Stofnanir Alþingis 2008 | 28 |
| Sérstakar athafnir | 29 |
| Ársreikningur Alþingis 2008 | 31 |

ÞANG Í FJÖRU

Flóra hafsins samanstendur af þörungum. Í fjörunni eru botnlægir þörungar eins og grænþörungar, brúnþörungar og rauðþörungar mest áberandi. Efst í fjörunni, á mótum lands og sjávar, eru jafnframt ýmsar þurrlendistegundir, svo sem háplöntur og fléttur, samlífi þörungum og sveppa, sem þola seltu sjávar vel. Hér á landi hafa greinst um 110 tegundir grænþörungum, 82 tegundir brúnþörungum og 76 rauðþörungategundir. Á stöðugu undirlagi í fjörunum myndast jafnan beltaskipting; efst ber mest á fléttum og grænþörungum, síðan ýmsum tegundum brúnþörungum þar sem þang er áberandi í fyrstu, neðar má finna þarategundir og loks ýmsa rauðþörungum á grunnsævi. Auk botnþörungum er flóra hafsins samansett af ýmsum hópum svifþörungum, svo sem gullþörungum, gulþörungum, skorupþörungum og kísilþörungum sem geta verið í ótrúlegu magni í yfirborðslögum sjávar. Mælingar hafa sýnt að tæplega helmingur af frumframleiðni plantna heimsins á sér stað í höfunum. Bls. 32.

HVERASTRÝTUR Í EYJAFIRÐI

Á tveimur stöðum í Eyjafirði hafa hverasvæði fundist neðansjávar, annars vegar rétt utan við Arnarnes á um 25–50 metra dýpi, svokallaðar Arnarnesstrýtur, og hins vegar svokallaðar Ystuvíkurstýtur innar í firðinum á um 60 metra dýpi. Hveraútfellingar við útstreymi hverasvæðanna mynda sérkennilegar strýtur og heitt vatn streymir þaðan út. Lífríki við Arnarnesstrýturnar er mun fjölbreyttara, líklega vegna þess að þær eru í það grunnu vatni að þar þrífast hvelldýr, mosadýr, svampar, sæfíflar og kræklingur, auk margra fisktegunda. Hverastrýturnar í Eyjafirðinum fundust um og eftir 1990. Hér við land hafa einnig fundist hverir við Kolbeinsey á um 100 metra dýpi, á Reykjanesshryggnum við Steinhól á um 350 metra dýpi og austan við Grímsey á um 400 metra dýpi. Lífríki hverasvæða í



Á forstöðu og viðar í þessari ársskýrslu eru ljósmyndir eftir Pálma Dungal af lífríki neðansjávar við strendur Íslands.

hafdjúpinu er sérkennilegt og byggist á tillifun baktería og örvera sem brjóta niður orkurík efnasambönd í hveravatninu í stað þess að ljóstillífa. Þar finnast einnig stærri lífverur eins og ormar, samlokur og rækjutegundir. Bls 30.

BRENNIHVELJA

Marglyttan brennihvelja (*Cyanea capillata*) er stærsta tegundin af fylkingu holdýra (*Cnidaria*) í heiminum. Fullorðnar marglyttur eru hlaupkennd svifdýr, um 95% vatn. Ungviðið er fyrst í stað sviflægar liffur en síðan botnfastir separ sem mynda hveljur er vaxa upp í fullvaxta marglyttur. Brennihvelja getur orðið rúmlega tveir metrar í þvermál og armarnir yfir 30 metra langir. Armarnir eru alsettir litlum stingfrumum með eitru-

vökva til þess að stinga, lama og drepa bráð. Hér við land hafa fundist sex tegundir marglyttna, tvær þeirra eru algengastar, brennihvelja og bláglytta (*Aurilia aurita*). Um 200 tegundir marglyttna eru þekktar í heiminum. Helstu hópar holdýra eru kóralar, sæfíflar, hvelldýr og marglyttur. Forsíða.

SÆFÍFLAR

Sænellikkan (*Metridium senile*) er eins og flestir sæfíflar botnföst og getur myndað stóra klasa á sjávarbotni. Hún getur orðið allt að 30 cm löng og haft hátt í 500 arma. Um 24 tegundir sæfífla eru taldar lifa hér við land á grunnsævi. Sæfíflar eru með litríkustu dýrum hafsins og eru um 6.000 tegundir þekktar. Þeir finnast allt niður á 5.000 metra dýpi. Bls. 6.

Ellefta ársskýrsla Alþingis kemur nú út. Tafir urðu á útgáfu hennar en fresta varð vinnu við hana þegar starfsmenn skrifstofu Alþingis tókust á hendur knýjandi og viðamikil verkefni tengd rannsóknarskýrslu Alþingis á árunum 2008–2009 og vegna óvenjumikilla anna við þingstörf á 137. og 138. þingi. Ársskýrslan nær yfir 136. löggjafarþing sem hófst 1. október 2008 og lauk 25. apríl 2009. Í henni er greint frá þingstörfum á 136. þingi og rekstri Alþingis fjárhagsárið 2008. Þá er í henni að finna upplýsingar um ýmsa starfsemi þingsins, skrifstofu þess og starfsmannahald.

136. löggjafarþing er eitt hið sögulegasta á síðari tímum. Efnahagshrunið, sem varð haustið 2008, setti mikið mark á þingstörfin og mótmælin á Austurvelli, sem náðu hámarki í janúar 2009, eiga sér ekki hliðstæðu í þingsögunni. Í febrúarbyrjun urðu stjórnarskipti er minnihluta-stjórn Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs tók við völdum með stuðningi Framsóknarflokksins. Alþingi var rofið 13. mars frá og með kjördegi 25. apríl 2009, en þingfundir stóðu til 17. apríl. Er þetta í fyrsta sinn í 30 ár sem þing er rofið á miðju kjörtímabili.

Vert er að geta sérstaklega tveggja nýmæla á 136. löggjafarþingi. Í janúar 2009 samþykkti forsætisnefnd reglur um opna nefndafundi en bráðabirgðareglur um slíka fundi voru samþykktar í júní 2008. Í maí 2009 tóku gildi reglur sem forsætisnefnd hafði samþykkt um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum alþingismanna og eru þær upplýsingar aðgengilegar á vef Alþingis. Þá samþykkti forsætisnefnd að áréttta þá óskrifuðu grundvallarreglu að þingmálið er íslenska.



Ásta R. Jóhannesdóttir, forseti Alþingis.

Í árslok 2008 skipaði forsætisnefnd, samkvæmt nýsamþykktum lögum, sérstaka rannsóknarnefnd til að rannsaka aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna og í janúar 2009 tilnefndi forsætisnefnd vinnuhóp til að rannsaka starfshætti og siðferði í tengslum við fall bankanna, samkvæmt sömu lögum. Þótt þingstörfin á 136. löggjafarþingi, 2008–2009, hafi staðið skemur en á hefðbundnu þingi vegna þingrofs og kosninga voru litlu færri þingmál afgreidd en á öðrum regluglegum þingum. Alls voru 100 frumvörp afgreidd sem lög og 13 þingsályktanir voru samþykktar.

Í kjölfar stjórnarskipta var Guðbjartur Hannesson kjörinn forseti Alþingis hinn 4. febrúar og tók við embætti af Sturlu Böðvarssyni. Einnig urðu breytingar á skipan nefnda þingsins af sama tilefni.

Vinnuskipulag Alþingis hefur tekið breytingum undanfarin ár og hafa breytingar á þingsköpum meðal annars haft það að markmiði að fækka kvöld- og næturfundum. Ég tel mikilvægt að halda

áfram á þeirri braut og gera Alþingi að vinnustað sem hentar fjölskyldufólki, þar sem vinnutími og vinnuskipulag taka mið af því sem almennt gerist í þjóðfélaginu. Þá tel ég koma til greina að breyta fundatímum þingsins á þann veg að tíminn nýtist þingmönnum betur til starfa á vettvangi þingsins og úti í kjördæmum.

Ég tel mikilvægt að fylgt verði eftir starfi sérfræðinganefndar um eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu, sem unnið var á vegum forsætisnefndar Alþingis. Þingið gegnir mikilvægu hlutverki sem eftirlitsaðili samkvæmt stjórnskipaninni og það hlutverk ber að efla. Forsætisnefnd hefur unnið að því að koma tillögum nefndarinnar í höfn.

Þá tel ég brýnt að gagnsæi verði haft að leiðarljósi í störfum Alþingis og eru opnir nefndafundir þýðingarmikið skref í þá átt. Því er mikilvægt að festa þetta fundarform í sessi og fjölga opnum nefndafundum eftir því sem kostur er. Opnir nefndafundir geta jafnframt gagnast Alþingi vel til eftirlits og aðhalds með framkvæmdarvaldinu. Þar sem þetta fundarform er algjörlega nýtt er framkvæmd þess enn í mótun.

Í ávarpi mínu er ég var kjörin forseti Alþingis lagði ég áherslu á að endurvinna traust landsmanna á Alþingi sem stofnun og þingmönnum sem fulltrúum þeirra. Við núverandi aðstæður eru gagnsæi í störfum og ráðdeild í rekstri lykilatriði við að endurvinna traust þjóðarinnar. Mun ég leitast við að hafa þessi atriði að leiðarljósi í störfum mínum.

Ég vil að lokum færa þeim starfsmönnum Alþingis sem hafa tekið skýrsluna saman mínar bestu þakkir.

Ásta R. Jóhannesdóttir,
forseti Alþingis.

SKIPAN ÞINGSINS Á 136. ÞINGI 2008–2009



Guðbjartur Hannesson var kosinn forseti Alþingis 4. febrúar 2009 á fyrsta þingfundi eftir ríkisstjórnarskipti. Guðbjartur og fráfarandi forseti, Sturla Böðvarsson, takast í hendur. Helgi Bernóðsson skrifstofustjóri stendur til hliðar.

FORSÆTISNEFND ALÞINGIS TIL 4. FEBRÚAR 2009

| | |
|---------------------------|------------------|
| Sturla Böðvarsson | forseti Alþingis |
| Ásta R. Jóhannesdóttir | 1. varaforseti |
| Puríður Backman | 2. varaforseti |
| Kjartan Ólafsson | 3. varaforseti |
| Einar Már Sigurðarson | 4. varaforseti |
| Kristinn H. Gunnarsson | 5. varaforseti |
| Ragnheiður Ríkharðsdóttir | 6. varaforseti |

Magnús Stefánsson var áheyrnarfulltrúi Framsóknarflokksins í forsætisnefnd.¹

FORSÆTISNEFND ALÞINGIS FRÁ 4. FEBRÚAR 2009

| | |
|---------------------------|------------------|
| Guðbjartur Hannesson | forseti Alþingis |
| Kjartan Ólafsson | 1. varaforseti |
| Puríður Backman | 2. varaforseti |
| Ragnheiður Ríkharðsdóttir | 3. varaforseti |
| Einar Már Sigurðarson | 4. varaforseti |
| Guðfinna S. Bjarnadóttir | 5. varaforseti |
| Kristinn H. Gunnarsson | 6. varaforseti |

Forsætisnefnd hélt 37 fundi á 136. löggjafarþingi. Auk forseta Alþingis og varaforseta sat Magnús Stefánsson fundina sem áheyrnarfulltrúi. Þá sitja skrifstofustjóri Alþingis og aðstoðarskrifstofustjórar fundi forsætisnefndar. Þingforseti hélt einnig 45 fundi með formönnum þingflokka á 136. þingi.

¹ Á fundi forsætisnefndar 7. október 2008 var fallist á erindi þingflokks Framsóknarflokksins þess efnis að þingflokkurinn fengi áheyrnarfulltrúa á fundum nefndarinnar, samanber heimild í þingsköpum. Þingflokkurinn tilnefndi Magnús Stefánsson, varaformann þingflokks Framsóknarflokksins, sem áheyrnarfulltrúa í nefndina.

ÞINGMENN OG ÞINGFLOKKAR

Á 136. þingi, sem stóð frá 1. október 2008 til 25. apríl 2009, hélt þingflokkur Framsóknarflokks 59 fundi, þingflokkur Frjálslynda flokksins 47 fundi, þingflokkur Samfylkingarinnar 64 fundi, þingflokkur Sjálfstæðisflokks 73 fundi og þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grans framboðs 98 fundi.

Tveir þingmenn afsöluðu sér þingmennsku í nóvember 2008, Bjarni Harðarson og Guðni Ágústsson, báðir úr Framsóknarflokki. Helga Sigrún Harðardóttir tók sæti Bjarna 11. nóvember og Eygló Harðardóttir sæti Guðna 20. nóvember.

Alls tóku 13 varaþingmenn sæti á 136. löggjafarþingi, þar af þrír í fyrsta skipti. (Sjá nánar í töflu á næstu síðu.) Guðmundur Steingrímsson, varaþingmaður Samfylkingarinnar, afsalaði sér varaþingmennsku 20. janúar 2009 og gekk skömmu síðar í Framsóknarflokkinn.

Skipan þingflokka

FRAMSÓKNARFLOKKUR:

1. Birkir Jón Jónsson, 6. þm. Norðaust.
2. Bjarni Harðarson, 8. þm. Suðurk.²
3. Guðni Ágústsson, 3. þm. Suðurk.³
4. Höskuldur Þórhallsson, 10. þm. Norðaust.
5. Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.
6. Sív Friðleifsdóttir, 10. þm. Suðvest.
7. Valgerður Sverrisdóttir, 2. þm. Norðaust.

FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN:

1. Grétar Mar Jónsson, 10. þm. Suðurk.
2. Guðjón A. Kristjánsson, 6. þm. Norðvest.
3. Jón Magnússon, 10. þm. Reykv. s.⁴
4. Kristinn H. Gunnarsson, 9. þm. Norðvest.⁵

SAMFYLKINGIN:

1. Ágúst Ólafur Ágústsson, 4. þm. Reykv. s.
2. Árni Páll Árnason, 11. þm. Suðvest.
3. Ásta R. Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykv. s.
4. Björgvín G. Sigurðsson, 2. þm. Suðurk.
5. Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.
6. Ellert B. Schram, 11. þm. Reykv. n.
7. Guðbjartur Hannesson, 2. þm. Norðvest.
8. Gunnar Svavarsson, 2. þm. Suðvest.
9. Helgi Hjörvar, 7. þm. Reykv. n.
10. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 2. þm. Reykv. s.
11. Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv. n.
12. Karl V. Matthíasson, 7. þm. Norðvest.⁶
13. Katrín Júlíusdóttir, 5. þm. Suðvest.
14. Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.
15. Lúðvík Bergvinsson, 5. þm. Suðurk.
16. Steinunn Valdís Óskarsdóttir, 10. þm. Reykv. n.
17. Þórunn Sveinbjarnardóttir, 8. þm. Suðvest.
18. Össur Skarphéðinsson, 2. þm. Reykv. n.

SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR:

1. Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Norðaust.
2. Ármann Kr. Ólafsson, 4. þm. Suðvest.
3. Árni Johnsen, 6. þm. Suðurk.
4. Árni M. Mathiesen, 1. þm. Suðurk.
5. Ásta Möller, 7. þm. Reykv. s.
6. Birgir Ármannsson, 9. þm. Reykv. s.
7. Bjarni Benediktsson, 3. þm. Suðvest.
8. Björk Guðjónsdóttir, 9. þm. Suðurk.
9. Björn Bjarnason, 6. þm. Reykv. s.
10. Einar K. Guðfinnsson, 5. þm. Norðvest.
11. Geir H. Haarde, 1. þm. Reykv. s.
12. Guðfinna S. Bjarnadóttir, 3. þm. Reykv. n.
13. Guðlaugur Þór Þórðarson, 1. þm. Reykv. n.
14. Herdís Þórðardóttir, 8. þm. Norðvest.
15. Illugi Gunnarsson, 3. þm. Reykv. s.
16. Jón Gunnarsson, 7. þm. Suðvest.
17. Kjartan Ólafsson, 4. þm. Suðurk.
18. Kristján Þór Júlíusson, 1. þm. Norðaust.
19. Ólöf Nordal, 9. þm. Norðaust.
20. Pétur H. Blöndal, 6. þm. Reykv. n.
21. Ragnheiður E. Árnadóttir, 9. þm. Suðvest.
22. Ragnheiður Rikharðsdóttir, 12. þm. Suðvest.
23. Sigurður Kári Kristjánsson, 8. þm. Reykv. n.
24. Sturla Böðvarsson, 1. þm. Norðvest.
25. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 1. þm. Suðvest.

VINSTRI HREYFINGIN – GRÆNT FRAMBOÐ:

1. Atli Gíslason, 7. þm. Suðurk.
2. Álfheiður Ingadóttir, 11. þm. Reykv. s.
3. Árni Þór Sigurðsson, 9. þm. Reykv. n.
4. Jón Bjarnason, 4. þm. Norðvest.
5. Katrín Jakobsdóttir, 4. þm. Reykv. n.
6. Kolbrún Halldórsdóttir, 5. þm. Reykv. s.
7. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðaust.
8. Þuríður Backman, 8. þm. Norðaust.
9. Ögmundur Jónasson, 6. þm. Suðvest.

² Bjarni Harðarson sagði af sér þingmennsku 11. nóvember 2008. Sæti hans tók Helga Sigrún Harðardóttir og varð 8. þingmaður kjördæmisins. Helga Sigrún Harðardóttir varð síðan 3. þingmaður kjördæmisins þegar Guðni Ágústsson sagði af sér þingmennsku 17. nóvember 2008.

³ Guðni Ágústsson sagði af sér þingmennsku 17. nóvember 2008. Sæti hans tók Eygló Harðardóttir og varð 8. þingmaður kjördæmisins.

⁴ Jón Magnússon sagði sig úr þingflokki Frjálslynda flokksins 9. febrúar 2009 og gekk í þingflokk Sjálfstæðisflokksins 19. febrúar 2009.

⁵ Kristinn H. Gunnarsson sagði sig úr þingflokki Frjálslynda flokksins 26. febrúar 2009 og var eftir það utan flokka.

⁶ Karl V. Matthíasson sagði sig úr þingflokki Samfylkingarinnar 13. mars 2009 og gekk um leið í Frjálslynda flokkinn.



Þingsetning hefst á því að þingmenn hlýða á messu í Dómkirkjunni en síðan ganga þeir til þinghússins þar sem forseti Íslands setur þingið. Frá þingsetningu 1. október 2008.

Varamenn sem tóku sæti á 136. þingi

| Varaþingmaður | Stjórn mála- flokkur | Aðalmaður | Tímabil |
|----------------------------|----------------------|------------------------------|-------------------|
| Anna Kristín Gunnarsdóttir | Sf | Karl V. Matthíasson | 21.1.-5.2.2009 |
| Björn Valur Gíslason | Vg | Puríður Backman | 13.10.-3.11.2008 |
| Dögg Pálsdóttir | S | Geir H. Haarde | 30.3.-17.4.2009 |
| Guðmundur Magnússon | Vg | Álfheiður Ingadóttir | 6.10.-20.10.2008 |
| Guðmundur Steingrímsson | Sf | Katrín Júlíusdóttir | 6.10.-20.10.2008 |
| Kristrún Heimisdóttir | Sf | Ingibjörg Sólrún Gísladóttir | 1.10.-15.10.2008 |
| | | Ingibjörg Sólrún Gísladóttir | 23.3.-17.4.2009 |
| Mörður Árnason | Sf | Ingibjörg Sólrún Gísladóttir | 15.10.-29.10.2008 |
| | | Ágúst Ólafur Ágústsson | 4.2.-23.3.2009 |
| Ragnheiður Ólafsdóttir* | Fl | Guðjón A. Kristjánsson | 6.4.-17.4.2009 |
| Róbert Marshall | Sf | Björgvin G. Sigurðsson | 10.2.-26.2.2009 |
| Rósa Guðbjartsdóttir | S | Ragnheiður E. Árnadóttir | 27.10.-10.11.2008 |
| | | | 1.10.-13.11.2008 |
| Samúel Örn Erlingsson | F | Siv Friðleifsdóttir | 20.11.-22.12.2008 |
| Sigríður Á. Andersen* | S | Guðfinna Bjarnadóttir | 6.10.-20.10.2008 |
| Sigurður Pétursson* | Sf | Karl V. Matthíasson | 13.10.-27.10.2008 |
| | | | 5.2.-19.2.2009 |

*Þegar * er aftan við nafnið merkir það að varamaður tekur sæti á Alþingi í fyrsta sinn.*

⁷ Jón Magnússon sagði sig úr Frjálslynda flokkinum 9. febrúar 2009 og þá tók Grétar Mar Jónsson við formennsku í þingflokknum. Á þingfundum 19. febrúar var tilkynnt að Jón hefði gengið í þingflokk Sjálfstæðisflokksins.

⁸ Guðjón A. Kristjánsson tók við varaformennsku í þingflokki Frjálslynda flokksins 12. febrúar 2009. Kristinn H. Gunnarsson sagði sig úr Frjálslynda flokkinum 26. febrúar.

⁹ Þegar Ögmundur Jónasson varð heilbrigðisráðherra 1. febrúar 2009 var Jón Bjarnason kjörinn formaður þingflokksins.

¹⁰ Þegar Katrín Jakobsdóttir varð menntamálaráðherra 1. febrúar 2009 var Álfheiður Ingadóttir kjörin varaformaður þingflokksins.

¹¹ Þegar Kolbrún Halldórsdóttir varð umhverfisráðherra 1. febrúar 2009 var Atli Gíslason kjörinn ritari þingflokksins.

STJÓRNIR ÞINGFLOKKA Á 136. LÖGGJAFARÞINGI

FRAMSÓKNARFLOKKUR

Siv Friðleifsdóttir formaður,
Magnús Stefánsson varaformaður,
Birkir Jón Jónsson meðstjórnandi.

FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN

Jón Magnússon formaður,⁷
Kristinn H. Gunnarsson varaformaður,⁸
Grétar Mar Jónsson meðstjórnandi.

SAMFYLKINGIN

Lúdvík Bergvinsson formaður,
Steinunn Valdís Óskarsdóttir varaformaður,
Árni Páll Árnason ritari.

SJÁLSTÆÐISFLOKKUR

Arnbjörg Sveinsdóttir formaður,
Illugi Gunnarsson varaformaður,
Ásta Möller ritari.

VINSTRI HREYFINGIN – GRÆNT FRAMBOÐ

Ögmundur Jónasson formaður,⁹
Katrín Jakobsdóttir varaformaður,¹⁰
Kolbrún Halldórsdóttir ritari.¹¹



Forseti Alþingis, Sturla Böðvarsson, ávarpaði þingheim við þingsetningu 1. október 2008. Við upphaf 136. löggjafarþings sátu 42 karlar og 21 kona á Alþingi.

Við breytingar á stjórn þingsins vegna ríkis-
stjórnarskipta 1. febrúar 2009 urðu miklar
breytingar í fastanefndum þingsins.

Allsherjarnefnd til 4. febrúar 2009

Birgir Ármannsson formaður
Ágúst Ólafur Ágústsson varaformaður
Atli Gíslason
Ellert B. Schram
Jón Magnússon
Karl V. Matthíasson
Ólöf Nordal
Sigurður Kári Kristjánsson
Siv Friðleifsdóttir

Allsherjarnefnd frá 4. febrúar 2009

Árni Páll Árnason formaður
Álfheiður Ingadóttir varaformaður
Ágúst Ólafur Ágústsson
Árni Þór Sigurðsson
Birgir Ármannsson

Jón Magnússon
Ólöf Nordal
Sigurður Kári Kristjánsson
Siv Friðleifsdóttir

Efnahags- og skattanefnd til 4. febrúar 2009

Pétur H. Blöndal formaður
Ellert B. Schram varaformaður
Bjarni Benediktsson
Gunnar Svavarsson
Katrín Jakobsdóttir
Lúðvík Bergvinsson
Magnús Stefánsson¹²
Ragnheiður E. Árnadóttir
Ögmundur Jónasson
Ábeyrmarfulltrúi: Grétar Mar Jónsson

Efnahags- og skattanefnd frá 4. febrúar 2009

Björgvin G. Sigurðsson formaður
Árni Þór Sigurðsson varaformaður
Birkir Jón Jónsson
Bjarni Benediktsson

Ellert B. Schram
Gunnar Svavarsson
Jón Bjarnason
Pétur H. Blöndal
Ragnheiður E. Árnadóttir

¹² Birkir Jón Jónsson tók sæti Magnúsar Stefánssonar
13. nóvember 2008.

Félags- og tryggingamálanefnd

til 4. febrúar 2009

Guðbjartur Hannesson formaður
Ármann Kr. Ólafsson varaformaður
Árni Johnsen
Ásta R. Jóhannesdóttir
Birkir Jón Jónsson¹³
Jón Gunnarsson
Kristinn H. Gunnarsson
Pétur H. Blöndal
Ögmundur Jónasson

Félags- og tryggingamálanefnd

frá 4. febrúar 2009

Pórunn Sveinbjarnardóttir formaður
Puríður Backman varaformaður
Atli Gíslason
Ármann Kr. Ólafsson
Árni Johnsen
Helga Sigrún Harðardóttir
Kristinn H. Gunnarsson
Ragnheiður Ríkharðsdóttir
Steinunn Valdís Óskarsdóttir

Fjárlaganefnd til 4. febrúar 2009

Gunnar Svavarsson formaður
Kristján Þór Júlíusson varaformaður
Ármann Kr. Ólafsson
Ásta Möller
Bjarni Harðarson¹⁴
Björk Guðjónsdóttir
Guðbjartur Hannesson
Guðjón A. Kristjánsson
Illugi Gunnarsson
Jón Bjarnason
Steinunn Valdís Óskarsdóttir

Fjárlaganefnd frá 4. febrúar 2009

Gunnar Svavarsson formaður
Jón Bjarnason varaformaður
Ármann Kr. Ólafsson
Ásta Möller
Björgvin G. Sigurðsson
Ellert B. Schram
Guðjón A. Kristjánsson
Illugi Gunnarsson
Kristján Þór Júlíusson
Magnús Stefánsson
Steinunn Valdís Óskarsdóttir

Heilbrigðisnefnd til 4. febrúar 2009

Ásta Möller formaður
Ágúst Ólafur Ágústsson varaformaður
Álfheiður Ingadóttir
Árni Páll Árnason
Ellert B. Schram
Pétur H. Blöndal
Ragnheiður Ríkharðsdóttir
Valgerður Sverrisdóttir¹⁵
Puríður Backman
Ábeyrmarfulltrúi: Guðjón A. Kristjánsson

Heilbrigðisnefnd frá 4. febrúar 2009

Puríður Backman formaður
Ágúst Ólafur Ágústsson varaformaður
Álfheiður Ingadóttir
Ásta Möller
Ellert B. Schram
Eygló Harðardóttir
Guðlaugur Þór Þórðarson
Kristinn H. Gunnarsson
Pétur H. Blöndal

Iðnaðarnefnd til 4. febrúar 2009

Katrín Júlíusdóttir formaður
Kristján Þór Júlíusson varaformaður
Álfheiður Ingadóttir
Björk Guðjónsdóttir
Einar Már Sigurðarson
Grétar Mar Jónsson
Guðni Ágústsson¹⁶
Herdís Þórðardóttir
Ragnheiður E. Árnadóttir

Iðnaðarnefnd frá 4. febrúar 2009

Katrín Júlíusdóttir formaður
Álfheiður Ingadóttir varaformaður
Björk Guðjónsdóttir
Einar Már Sigurðarson
Eygló Harðardóttir
Grétar Mar Jónsson
Helgi Hjörvar
Herdís Þórðardóttir
Kristján Þór Júlíusson

Menntamálanefnd til 4. febrúar 2009

Sigurður Kári Kristjánsson formaður
Einar Már Sigurðarson varaformaður
Guðbjartur Hannesson
Höskuldur Þórhallsson
Illugi Gunnarsson
Katrín Jakobsdóttir
Katrín Júlíusdóttir
Kolbrún Halldórsdóttir
Ragnheiður Ríkharðsdóttir
Ábeyrmarfulltrúi: Jón Magnússon

Menntamálanefnd frá 4. febrúar 2009

Einar Már Sigurðarson formaður
Puríður Backman varaformaður
Árni Páll Árnason
Björk Guðjónsdóttir
Einar K. Guðfinnsson
Höskuldur Þórhallsson
Jón Magnússon
Katrín Júlíusdóttir
Ragnheiður Ríkharðsdóttir

Samgöngunefnd til 4. febrúar 2009

Steinunn Valdís Óskarsdóttir formaður
Ólöf Nordal varaformaður
Ármann Kr. Ólafsson
Árni Johnsen
Árni Þór Sigurðsson
Guðjón A. Kristjánsson
Magnús Stefánsson¹⁷
Herdís Þórðardóttir
Karl V. Matthíasson

¹³ Helga Sigrún Harðardóttir tók seti Birkis Jóns Jónssonar 13. nóvember 2008.

¹⁴ Bjarni Harðarson sagði af sér þingmennsku 11. nóvember 2008. Seti hans í nefndinni tók Magnús Stefánsson.

¹⁵ Eygló Harðardóttir tók seti Valgerðar Sverrisdóttur 25. nóvember 2008.

¹⁶ Guðni Ágústsson sagði af sér þingmennsku 17. nóvember 2008. Seti hans í nefndinni tók Eygló Harðardóttir 25. nóvember.

¹⁷ Helga Sigrún Harðardóttir tók seti Magnúsar Stefánssonar 13. nóvember 2008.



Opinn fundur í heilbrigðisnefnd með heilbrigðisráðherra, Guðlaugi Þór Þórðarsyni. Ráðherra gerði grein fyrir þeim þingmálum sem hann hugðist leggja fram á 136. löggjafarþingi. Gestir fundarins, talið frá vinstri: Vilborg Hauksdóttir, sviðsstjóri á lögfræðisviði og staðgengill ráðuneytisstjóra í heilbrigðisráðuneyti, Berglind Ásgeirsdóttir ráðuneytisstjóri, Guðlaugur Þór Þórðarson og Hanna Katrín Friðriksson, aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra.

Samgöngunefnd frá 4. febrúar 2009

Steinunn Valdís Óskarsdóttir formaður
 Árni Þór Sigurðsson varaformaður
 Árni Johnsen
 Björgvin G. Sigurðsson
 Guðjón A. Kristjánsson
 Helga Sigrún Harðardóttir
 Karl V. Matthíasson
 Ólöf Nordal
 Sturla Böðvarsson

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd

til 4. febrúar 2009

Arnbjörg Sveinsdóttir formaður
 Karl V. Matthíasson varaformaður
 Atli Gíslason
 Grétar Mar Jónsson
 Gunnar Svavarsson
 Helgi Hjörvar
 Jón Gunnarsson
 Kjartan Ólafsson
 Valgerður Sverrisdóttir

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd

frá 4. febrúar 2009

Atli Gíslason formaður
 Karl V. Matthíasson varaformaður
 Arnbjörg Sveinsdóttir
 Grétar Mar Jónsson
 Helgi Hjörvar
 Herdís Þórðardóttir
 Jón Gunnarsson
 Magnús Stefánsson
 Valgerður Sverrisdóttir

Umhverfisnefnd til 4. febrúar 2009

Helgi Hjörvar formaður
 Kjartan Ólafsson varaformaður
 Árni Þór Sigurðsson
 Guðfinna S. Bjarnadóttir
 Höskuldur Þórhallsson¹⁸
 Illugi Gunnarsson
 Katrín Júlíusdóttir
 Kolbrún Halldórsdóttir
 Ólöf Nordal
 Ábeyrmarfulltrúi: Kristinn H. Gunnarsson

Umhverfisnefnd frá 4. febrúar 2009

Helgi Hjörvar formaður
 Atli Gíslason varaformaður
 Árni M. Mathiesen
 Eygló Harðardóttir
 Jón Gunnarsson
 Karl V. Matthíasson
 Kjartan Ólafsson
 Katrín Júlíusdóttir
 Kristinn H. Gunnarsson

Utanríkismálanefnd til 4. febrúar 2009

Bjarni Benediktsson formaður
 Árni Páll Árnason varaformaður
 Ásta R. Jóhannesdóttir
 Guðfinna S. Bjarnadóttir
 Kristinn H. Gunnarsson
 Lúðvík Bergvinsson
 Ragnheiður E. Árnadóttir
 Siv Friðleifsdóttir
 Steingrímur J. Sigfússon

¹⁸ Eygló Harðardóttir tók seti Höskulds Þórhallssonar 25. nóvember 2008.

Varamenn

Arnbjörg Sveinsdóttir
Ágúst Ólafur Ágústsson
Steinunn Valdís Óskarsdóttir
Björk Guðjónsdóttir
Jón Magnússon
Ellert B. Schram
Sigurður Kári Kristjánsson
Magnús Stefánsson
Ögmundur Jónasson

Utanríkismálanefnd frá 4. febrúar 2009

Árni Þór Sigurðsson formaður
Þórunn Sveinbjarnardóttir varaformaður
Björn Bjarnason
Kristinn H. Gunnarsson
Lúðvík Bergvinsson
Ragnheiður E. Árnadóttir
Siv Friðleifsdóttir
Þorgerður K. Gunnarsdóttir
Valgerður Sverrisdóttir

Varamenn

Steinunn Valdís Óskarsdóttir
Ágúst Ólafur Ágústsson
Arnbjörg Sveinsdóttir
Jón Magnússon
Ellert B. Schram
Sigurður Kári Kristjánsson
Atli Gíslason
Björk Guðjónsdóttir
Magnús Stefánsson

Viðskiptanefnd til 4. febrúar 2009

Ágúst Ólafur Ágústsson formaður
Guðfinna S. Bjarnadóttir varaformaður
Árni Páll Árnason
Birgir Ármannsson
Birkir Jón Jónsson
Björk Guðjónsdóttir
Höskuldur Þórhallsson
Jón Bjarnason
Jón Gunnarsson
Áheyrnarfulltrúi: Jón Magnússon

Nefndastörf á 136. löggjafarþingi

| | Fundir | Fundartími (kst.) | Mál til nefnda | Afgreidd mál | Nefndaralit Samhjöða | Agreiningur | Umsagnar-beiðnir | Erindi til nefnda | Gestir nefnda | Mál flutt af nefnd |
|-------------------------------------|--------|-------------------|----------------|--------------|----------------------|-------------|------------------|-------------------|---------------|--------------------|
| Allsherjarnefnd | 52 | 78 | 30 | 17 | 14 | 2 | 311 | 207 | 204 | 7 |
| Efnahags- og skattanefnd | 59 | 78 | 41 | 27 | 18 | 9 | 838 | 363 | 357 | 2 |
| Félags- og tryggingamálanefnd | 32 | 42 | 17 | 13 | 13 | 0 | 303 | 123 | 135 | 0 |
| Fjárlaganefnd | 41 | 73 | 5 | 4 | 2 | 2 | 2 | 939 | 284 | 0 |
| Heilbrigðisnefnd | 24 | 33 | 5 | 3 | 3 | 0 | 233 | 72 | 116 | 2 |
| Iðnaðarnefnd | 27 | 34 | 11 | 10 | 7 | 3 | 133 | 83 | 107 | 1 |
| Menntamálanefnd | 27 | 32 | 11 | 4 | 3 | 1 | 279 | 121 | 158 | 4 |
| Samgöngunefnd | 18 | 12 | 14 | 7 | 7 | 0 | 179 | 66 | 51 | 0 |
| Sérnefnd um stjórnarskrármál (385.) | 13 | 21 | 1 | 1 | 0 | 1 | 51 | 35 | 36 | 0 |
| Sérnefnd stjórnarskrármál | 0 | 0 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd | 23 | 28 | 14 | 5 | 3 | 2 | 350 | 103 | 91 | 1 |
| Umhverfisnefnd | 21 | 29 | 9 | 6 | 5 | 1 | 290 | 109 | 85 | 1 |
| Utanríkismálanefnd | 28 | 40 | 12 | 7 | 3 | 4 | 23 | 15 | 84 | 1 |
| Viðskiptanefnd | 59 | 86 | 28 | 16 | 11 | 5 | 383 | 248 | 298 | 2 |
| Alls | 424 | 586 | 201 | 120 | 89 | 30 | 3.375 | 2.484 | 2.006 | 21 |

Viðskiptanefnd frá 4. febrúar 2009

Álfheiður Ingadóttir formaður
Gunnar Svavarsson varaformaður
Árni M. Mathiesen
Birgir Ármannsson
Birkir Jón Jónsson
Guðfinna S. Bjarnadóttir
Höskuldur Þórhallsson
Jón Magnússon
Lúðvík Bergvinsson

Að auki starfar **kjörbréfanefnd** sem hefur það hlutverk að prófa kjörbréf og kosningu nýkjörinna þingmanna og varaþingmanna.

Arnbjörg Sveinsdóttir formaður
Lúðvík Bergvinsson varaformaður
Atli Gíslason
Ásta R. Jóhannesdóttir
Birgir Ármannsson
Bjarni Benediktsson
Helgi Hjörvar
Jón Magnússon
Magnús Stefánsson

Á 136. þingi var kosið í **sérnefnd um 385. mál, stjórnarskipunarlög** (stjórnlagarþing, náttúruauðlindir í þjóðareign og þjóðaratkvæðagreiðslur), sem varð ekki útrætt.

Valgerður Sverrisdóttir formaður
Lúðvík Bergvinsson varaformaður
Atli Gíslason
Birgir Ármannsson
Björn Bjarnason
Ellert B. Schram
Guðjón A. Kristjánsson
Jón Magnússon
Sturla Böðvarsson

Á 136. þingi starfaði **sérnefnd um stjórnarskrármál** og gengu þrjú frumvörp um breytingar á stjórnarskránni til þeirrar nefndar.

Atli Gíslason
Ágúst Ólafur Ágústsson
Birgir Ármannsson
Bjarni Benediktsson
Jón Magnússon
Lúðvík Bergvinsson
Sigurður Kári Kristjánsson
Steinunn Valdís Óskarsdóttir
Valgerður Sverrisdóttir



Guðbjartur Hannesson, forseti Alþingis, og utanríkisráðherra Albaníu, Lulzim Basha, funduðu um samstarf og samvinnu þjóðanna í Alþingishúsinu 12. febrúar 2009.

Alþjóðanefndir voru skipaðar sem hér segir á 136. þingi:

Íslandsdeild

Alþjóðaþingmannasambandsins

Ásta Möller formaður
Ágúst Ólafur Ágústsson varaformaður
Þuríður Backman

Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA

Katrín Júlíusdóttir formaður
Bjarni Benediktsson varaformaður
Arnbjörg Sveinsdóttir
Árni Þór Sigurðsson
Illugi Gunnarsson

Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins

Guðfinna S. Bjarnadóttir formaður
Ellert B. Schram varaformaður
Steingrímur J. Sigfússon

Íslandsdeild NATO-þingsins

Ragnheiður E. Árnadóttir formaður
Ásta R. Jóhannesdóttir varaformaður
Magnús Stefánsson

Íslandsdeild Norðurlandaráðs

Árni Páll Árnason formaður
Kjartan Ólafsson varaformaður
Helgi Hjörvar
Kolbrún Halldórsdóttir¹⁹

Kristján Þór Júlíusson
Ragnheiður Ríkharðsdóttir
Siv Friðleifsdóttir

Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál

Sigurður Kári Kristjánsson formaður
Gunnar Svavarsson varaformaður
Jón Bjarnason



Frá fundi forseta þjóðþinga evrópskra smárikja í Liechtenstein, 27.–29. nóvember 2008. Fundurinn er árlegur samráðsvettvangur þjóðþinga evrópskra smárikja með íbúafjölda undir einni milljón sem eru aðilar að Evrópuráðinu. Fundinn sóttu fulltrúar Andorra, Íslands, Kýpur, Lúxemborgar, Svartfjallalands, Möltu og Mónakós, auk gestgjafanna í Liechtenstein. Fulltrúi Alþingis var Ásta R. Jóhannesdóttir, 1. varaforseti Alþingis.

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins

Karl V. Matthíasson formaður
Árni Johnsen varaformaður
Guðbjartur Hannesson
Guðjón A. Kristjánsson
Guðni Ágústsson²⁰
Jón Gunnarsson

Íslandsdeild þings Vestur- Evrópusambandsins

Árman Kr. Ólafsson formaður
Birgir Ármannsson varaformaður
Kristinn H. Gunnarsson

Íslandsdeild þings Öryggis- og sam- vinnustofnunar Evrópu

Einar Már Sigurðarson formaður
Pétur H. Blöndal varaformaður
Valgerður Sverrisdóttir

¹⁹ Kolbrún Halldórsdóttir var skipuð umhverfisráðherra 1. febrúar 2009 og hatti þá í nefndinni. Stjórn þingflokks Vinstri grænna ákvað að ekki yrði tilnefndur maður í nefndina að sinni.

²⁰ Guðni Ágústsson sagði af sér þingmennsku 17. nóvember 2008. Sæti hans í nefndinni tók Birgir Jón Jónsson.

ÞINGSTÖRFIN

ÞINGSTÖRF 136. LÖGGJAFARÞINGS

Forseti Íslands setti 136. löggjafarþing miðvikudaginn 1. október 2008. Það var að störfum til 22. desember, frá 20. janúar til 17. apríl 2009 og var þá frestað fram til alþingiskosninga sem boðaðar höfðu verið 25. apríl 2009. Þingið var sögulegt fyrir margra hluta sakir. Stjórnarskipti urðu þann 1. febrúar 2009. Ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sem studd var af Framsóknarflokknum, tók við af ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar. Var það í fyrsta sinn síðan 1979, í 30 ár, að minnihlutastjórn sat við stjórnvölinn. Í fyrsta sinn í mjög langan tíma tóku tveir utanþingsráðherrar sæti í stjórninni án þess að vera tengdir stjórn mála flokkum. Þing var rofið 13. mars frá og með kjördegi 25. apríl en þingfundir stóðu til 17. apríl. Voru þá liðin 30 ár frá því að þing var síðast rofið fyrir mitt kjörtímabil. Þing hefur aldrei fyrr setið að störfum jafnærri kjördegi alþingiskosninga.

Í kjölfar stjórnarskiptanna fór fram kosning nýs forseta Alþingis og varaforseta, einnig var kosið í fastanefndir Alþingis að nýju. Starfsáætlun þingsins fyrir vetrar- og vorþing 2009 var felld úr



Fyrsti þingfundur eftir ríkisstjórnarskipti var 4. febrúar 2009. Til umræðu var skýrsla forsætisráðherra um stefnu ríkisstjórnarinnar.

gildi en sú áætlun gerði ráð fyrir að þing stæði fram á sumar. Þrátt fyrir að þingið sæti skemur en hefðbundið þing voru litlu færri þingmál afgreidd. Efnahagshrunið setti mark sitt á lagasetninguna og afgreiða varð mikilvæg þingmál með hraði til að

bregðast við bráðavanda. Stór hluti laga sem afgreidd voru á þinginu tengdist efnahagsáfallum.

ÞINGMÁL Á 136. LÖGGJAFARÞINGI

Þingmál sem lögð voru fram á þinginu voru 475. Tala prentaðra þingskjala varð 966.


Af 210 frumvörpum urðu alls 100 að lögum, 109 frumvörp urðu ekki útrædd og eitt var kallað aftur. Af 86 þingsályktunartillögum voru alls 13 samþykktar sem ályktanir Alþingis, tillaga um vantraust á ríkisstjórnina var felld og 72 urðu ekki útræddar.

Skriflegar skýrslur og álit voru samtals 18 (þar af kom ein beiðni um skýrslu frá ráðherrum og barst sú skýrsla). Allsherjarnefnd skilaði álit um skýrslu umboðsmanns Alþingis.

Munnlegar skýrslur ráðherra voru fjórar og umræður utan dagskrár 29.

Fyrirspurnir á þingskjölum voru 160. Munnlegar fyrirspurnir voru 73, átta kallaðar aftur og 65 var svarað. Skriflegar fyrirspurnir voru 87 og bárust 83 skrifleg

Framlögð þingmál á 136. löggjafarþingi til samanburðar við fyrri þing



124., 129. og 134. þing voru stutt aukathing og eru ekki með í yfirlitinu.



Forseti Íslands setur þingið 1. október ár hvert. Við lok ávarps hans rís þingheimur á fætur og forsætisráðherra mælir: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ Taka þingmenn undir þessi orð með ferföldu húrrahrópi. Frá þingsetningu 1. október 2008.

Skipting ræðutíma milli umræðna um afgreidd lagafrumvörp á 136. þingi

| | Fjöldi ræðna | Tími í klst. |
|-----------|--------------|--------------|
| 1. umræða | 1.052 | 69 |
| 2. umræða | 1.114 | 87 |
| 3. umræða | 698 | 43 |

svör. Óundirbúnir fyrirspurnatímar voru að jafnaði tvisvar í viku þar sem ráðherrar svöruðu óundirbúið fyrirspurnum frá þingmönnum. Alls svöruðu ráðherrar 192 fyrirspurnum óundirbúið. Störf þingsins voru sett á dagskrá að jafnaði tvisvar í viku og tóku 14 klukkustundir alls.

Mestar umræður fyrir utan umræður um stjórnarskipunarlögin (mál 385) urðu um fjárlög 2009, Seðlabanka Íslands og fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Atkvæðagreiðslur voru alls 1.289, flestar fóru fram rafrænt en tvisvar sinnum fór fram nafnakall. Atkvæðagreiðslur tóku samtals rúmar 20 klukkustundir.

Skipting allra ræðna milli þingflokka á 136. þingi

| | Fjöldi ræðna | Tími í klst. |
|------------------------------------|--------------|--------------|
| Framsóknarflokkur | 784 | 45 |
| Frjálslyndi flokkurinn | 658 | 49 |
| Samfylkingin | 1.478 | 78 |
| Sjálfstæðisflokkur | 2.913 | 181 |
| Utan þingflokka ²¹ | 139 | 7 |
| Vinstri hreyfingin – grænt framboð | 1.530 | 98 |

Sjö mest ræddu málin á 136. löggjafarþingi

| Heiti máls | Tími í klst. |
|---|--------------|
| Stjórnarskipunarlög (385. mál) | 59 |
| Fjárlög 2009 | 22 |
| Seðlabanki Íslands | 17 |
| Fjárhagsleg fyrirgreiðsla hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum | 11 |
| Ráðstafanir í ríkisfjármálum | 11 |
| Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða o.fl. | 9 |
| Skýrsla forsætisráðherra um efnahagsmál og aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins | 9 |

²¹ Jón Magnússon 9.–19. febrúar, Kristinn H. Gunnarsson 26. febrúar til 25. apríl og utanþingsráðherrarnir Gylfi Magnússon og Ragna Árnadóttir 4. febrúar til 25. apríl.



Forseti Norðurlandaráðs, Sinikka Bohlin, ásamt Sturlu Bøðvarssyni, forseta Alþingis, í Alþingishúsinu. Bohlin var stödd hér á landi á fundum Norðurlandaráðs í Reykjavík 27.–28. janúar 2009.

LAGAFRUMVÖRP Á 136. LÖGGJAFARÞINGI

| Flutningsmenn | Alls framlögð | Afgreidd sem lög | Afgreidd samhljóða | Afgreidd með ágreiningi | Óafgreidd/Kölluð aftur |
|-------------------------------|---------------|------------------|--------------------|-------------------------|------------------------|
| Ríkisstjórn | 102 | 78 | 53 | 25 | 24 |
| Þingmenn | 89 | 6 | 5 | 1 | 83 |
| Nefnd eða meiri hluti nefndar | 19 | 16 | 15 | 1 | 3 |
| Samtals | 210 | 100 | 73 | 27 | 110 |

ÞINGSÁLYKTUNARTILLÖGUR Á 136. LÖGGJAFARÞINGI

| Flutningsmenn | Alls framlagðar | Afgreiddar sem ályktun | Afgreiddar samhljóða | Afgreiddar með ágreiningi | Óafgreiddar | Felldar |
|-------------------------------|-----------------|------------------------|----------------------|---------------------------|-------------|---------|
| Ríkisstjórn | 10 | 9 | 6 | 3 | 1 | 0 |
| Þingmenn | 75 | 4 | 3 | 1 | 70 | 1 |
| Nefnd eða meiri hluti nefndar | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 |
| Samtals | 86 | 13 | 9 | 4 | 72 | 1 |


FYRIRSPURNIR Á 136. LÖGGJAFARÞINGI

| | Ósk um munnlegt svar | | | Ósk um skriflegt svar | | | Óundirbúnaðar fyrirspurnir |
|---------|----------------------|--------|----------------|-----------------------|--------|----------------|----------------------------|
| | Fjöldi | Svarað | Kallaðar aftur | Fjöldi | Svarað | Kallaðar aftur | |
| Samtals | 73 | 65 | 8 | 87 | 83 | 4 | 192 |

SKÝRSLUR OG ÁLIT NEFNDA Á 136. LÖGGJAFARÞINGI

| Skýrslur ráðherra samkvæmt beiðni | Aðrar skýrslur ráðherra en samkvæmt beiðni | Munnlegar skýrslur ráðherra | Skýrslur frá alþjóðanefndum | Skýrslur frá fastanefndum | Álit nefnda um skýrslur |
|-----------------------------------|--|-----------------------------|-----------------------------|---------------------------|-------------------------|
| 1 | 8 | 4 | 9 | 0 | 1 |

Skipting fundartíma á 136. löggjafarþingi



ÞINGFUNDIR Á 136. LÖGGJAFARÞINGI

Þingfundadagar urðu 93, þingfundir 135 og stóðu alls í 593 klukkustundir. Lengsta umræðan var um frumvarp til stjórnarskipunarlaganna (385. mál, stjórnlagabætur o.fl.) og stóð hún í tæpar 60 klukkustundir. Lengsti þingfundurinn stóð í um 16 klukkustundir.

Á þingfundum fer jafnan mestur tími í umræður um frumvörp til laga. Á 136. þingi var rúmlega helmingur þingfundatímans notaður fyrir þær umræður, 306 klukkustundir. Næstmestum tíma þingsins var varið í að ræða þingsályktunartillögur, umræður um þær stóð í tæpar 57 klukkustundir.

Nánari skiptingu fundartíma á 136. löggjafarþingi má sjá í kökuriti á blaðsíðu 18. Hlé og frestanir á fundum koma fram undir liðnum annað í kökuriti.

Í töflum á blaðsíðu 17 um skiptingu ræðutíma milli umræðna og skiptingu ræðna milli þingflokka eru allar ræður teknar með, svo sem andsvör, athugasemdir og atkvæðaskýringar, fyrir utan að ræðum forseta er sleppt í þeirri síðarnefndu.

ÞINGNEFNDIR Á 136. LÖGGJAFARÞINGI

Fastanefndir héldu fundi venju samkvæmt fyrir hádegi þingfundadagana. Töluvert var um nefndafundi utan hefðbundins fundartíma, í hádegis- og kvöldmatarhléum og á kvöldin. Sex dagar voru ætlaðir eingöngu til nefndastarfa. Alls héldu fastanefndir 424 fundi sem stóðu í samtals 586 klukkustundir. Samtals komu 2.006 gestir á fundi fastanefndanna og 201 þingmáli var vísað til þeirra. Þar af voru 155 lagafrumvörp, 97 þeirra frá ríkisstjórn en 58 flutt af þingmönnum. 19 þingmálum var vísað aftur til nefnda milli 2. og 3. umræðu.

Nefndirnar sendu 3.375 beiðnir um umsagnir um samtals 123 þingmál. Um þau mál bárust 1.545 erindi og 87 erindi bárust um önnur mál. Að auki bárust fjárlaganefnd 939 erindi.

| OPNIR NEFNDAFUNDIR Á 136. LÖGGJAFARÞINGI | | |
|--|---|---|
| Nefnd og dagsetning | Efni fundar | Gestir |
| Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd 8. október 2008 | Væntanleg þingmál sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra á 136. löggjafarþingi. | Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Sigurgeir Þorgeirsson, ráðuneytisstjóri sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. |
| Heilbrigðisnefnd 8. október 2008 | Væntanleg þingmál heilbrigðisráðherra á 136. löggjafarþingi. | Guðlaugur Þór Þórðarsson heilbrigðisráðherra, Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri í heilbrigðisráðuneyti, Vilborg Hauksdóttir, staðgengill ráðuneytisstjóra, og Hanna Katrín Friðriksson, aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra. |
| Efnahags- og skattanefnd 27. október 2008 | Viðræður Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. | Ásmundur Stefánsson, sem unnið hafði að samræmingu viðbragða íslenskra stjórnvalda á vegum forsætisráðuneytis, og Friðrik Már Baldursson, sem hafði verið í forsvari fyrir Íslands hönd í viðræðum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. |
| Fjárlaganefnd 1. apríl 2009 | Framvinda samkomulags íslenskra stjórnvalda við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og aðgerðir í tengslum við það og stöðu efnahagsmála. | Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra, Indriði H. Þorláksson, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis, og Nökkvi Bragason, skrifstofustjóri fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis. |
| Viðskiptanefnd 2. apríl 2009 | Viðbrögð stjórnvalda við erfiðleikum á fjármálamarkaði síðustu vikur. | Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra, Gunnar Haraldsson, formaður stjórnar Fjármálefirtilsins, og Arnór Sighvatsson, aðstoðarbankastjóri Seðlabanka Íslands. |
| Samgöngunefnd 3. apríl 2009 | Framkvæmd samgönguáætlunar, áform um útboð og fjármögnun þeirra og tillögur ráðuneytis um frestun framkvæmda vegna lækkunar framlaga á fjárlögum. | Kristján Möller samgönguráðherra, Ragnhildur Hjaltadóttir og Karl Alvarsson frá samgönguráðuneyti og Hreinn Haraldsson vegamálastjóri. |

Nefndirnar afgreiddu með nefndaráli 103 lagafrumvörp; 86 stjórnarfrumvörp og 17 þingmannafrumvörp. Eitt nefndarfrumvarp var afgreitt án nefndarálits. Fjöldi afgreiddra frumvarpa var því 104.

Af þingsályktunartillögum sem vísað var til nefnda voru átta frá ríkisstjórn, þær voru allar afgreiddar með nefndaráli, 38 voru frá þingmönnum og voru átta af þeim afgreiddar með nefndaráli. Tvær þingsályktunartillögur um þingfrestun voru afgreiddar við eina umræðu og var

þeim samkvæmt venju ekki vísað til nefndar.

Nefndirnar luku ekki afgreiðslu á 81 þingmáli; 12 frá ríkisstjórn og 69 frá þingmönnum.

Fastanefndir (eða meiri hluti þeirra) fluttu 19 frumvörp og eina tillögu til þingsályktunar í eigin nafni og voru öll þingmálin afgreidd nema fjögur; þrjú frumvörp og ein tillaga. Allsherjarnefnd skilaði áli um skýrslu umboðsmanns Alþingis.



Stjórnarsamstarfi Sjálfstæðisflokkes og Samfylkingar lauk mánudaginn 26. janúar 2009. Forsætisráðherra, Geir H. Haarde, tilkynnti um stjórnarslitin á þingfundum. Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis, sleit fundinum.

Nánari upplýsingar um nefndafundi og lengd þeirra, svo og afgreiðslu þingmála, og skiptingu þeirra milli fastanefndanna 12 er að finna í töflu á blaðsíðu 14 um nefndastörf á 136. þingi.

OPNIR NEFNDAFUNDIR

Fyrstu opnu nefndafundirnir samkvæmt reglum forsætisnefndar um opna nefndafundi, sem samþykktar voru í júní 2008, voru haldnir í október 2008. Samkvæmt reglunum getur fastanefnd haldið opinn fund í því skyni að afla sér upplýsinga um þingmál sem vísað hefur verið til hennar eða um mál sem nefndin tekur upp að eigin frumkvæði. Fastanefnd getur óskað eftir því að ráðherrar, forstöðumenn sjálfstæðra ríkisstofnana og fulltrúar hagsmunaaðila er mál varða komi á opna fundi og veiti

nefndinni upplýsingar. Í reglunum er gert ráð fyrir að fjölmiðlar skuli eiga þess kost að láta fulltrúa sína fylgjast með opnum fundi. Þá er ljósvakamiðlum heimilt að hafa beinar útsendingar. Fyrsti opni nefndafundurinn var haldinn 8. október en þá fundaði sjávarútvegsráðherra með sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd. Yfirlit um opna nefndafundi á 136. þingi er á blaðsíðu 19.

Fundirnir voru sendir beint út á vef Alþingis, á sjónvarpsrás Alþingis og í ríkissjónvarpinu.

FERÐIR FASTANEFNDA Á 136. LÖGGJAFARÞINGI

Fastanefndir þingsins fóru ekki í neinar ferðir á 136. þingi, meðal annars vegna þess að boðað var til kosninga 25. apríl 2009.

Skipan þingflokka eftir kynjum við upphaf 136. löggjafarþings

| Þingflokkar | Karlar | Konur | Fjöldi |
|------------------------------------|-----------|-----------|-----------|
| Framsóknarflokkur | 5 | 2 | 7 |
| Frjálslyndi flokkurinn | 4 | 0 | 4 |
| Samfylkingin | 12 | 6 | 18 |
| Sjálfstæðisflokkur | 16 | 9 | 25 |
| Vinstri hreyfingin – grænt framboð | 5 | 4 | 9 |
| Alls | 42 | 21 | 63 |

STÖRF ALÞJÓÐANEFNDA Á 136. LÖGGJAFARÞINGI

| | |
|---|--|
| Íslandsdeild Alþjóðáþingmanna-sambandsins | Þing í Genf 13.–15. október 2008 og í Addis Ababa 5.–10. apríl 2009. (Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. 711.) |
| Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA | Sameiginleg ráðstefna þingmannanefndar og ráðgjafanefndar EFTA í Bergen 13.–14. október 2008. Fundur í færeyska þinginu 15.–16. október 2008. Fundir þingmannanefndar EFTA og þingmannanefndar EES í Brussel 3.–4. nóvember 2008. Fundir þingmannanefndar og ráðherraráðs EFTA í Genf 25. nóvember og fundur með Evrópunefnd tékkneska þingsins í Prag 26. nóvember 2008. Fundir þingmannanefndar EFTA og þingmannanefndar EES í Brussel og Strassborg 23.–26. mars 2009. (Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. 740.) |
| Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins | Þingfundur í Strassborg 28. september–3. október 2008 og 26.–30. janúar 2009. (Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. 828.) |
| Íslandsdeild NATO-þingsins | Ársfundur í Valensía 14.–18. nóvember 2008 og fundir í Brussel 15.–17. febrúar 2009. (Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. 721.) |
| Íslandsdeild Norðurlandaráðs | Norðurlandaráðsþing í Helsinki 25.–29. október 2008. Eystrasaltsþing í Tallinn 4.–6. desember 2008. Fundir í Reykjavík 27.–28. janúar og Kaupmannahöfn 16.–17. apríl 2009. (Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. 788.) |
| Íslandsdeild þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál | Fundir í Östersund 6.–7. nóvember 2008 og Brussel 25. febrúar 2009. (Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. 724.) |
| Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins | Fundir í tengslum við Norðurlandaráðsþing í Helsinki 25.–29. október 2008. (Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. 776.) |
| Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins | Þingfundur í París 2.–4. desember 2008. (Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. 709.) |
| Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu | Vetrarfundur í Vín 19.–20. febrúar 2009. (Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. 742.) |

HEIMSÓKNIR OG FUNDIR FORSETA ALÞINGIS Í ÚTLÖNDUM Á 136. LÖGGJAFARÞINGI

| | |
|---|--|
| Vaduz, Liechtenstein 27.–29. nóvember 2008 | Fundur þingforseta evrópskra smáríkja. 1. varaforseti Alþingis, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, og Jörundur Kristjánsson alþjóðaritari. |
|---|--|

ÞÁTTTAKA ÞINGMANNA Í RÁÐSTEFNUM OG FUNDUM ERLENDIS (ÖÐRUM EN FUNDUM ALÞJÓÐANEFNDA) Á 136. LÖGGJAFARÞINGI

| | |
|----------------------------------|---|
| New York 5.–18. október 2008 | Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna. Katrín Júlíusdóttir, Álfheiður Ingadóttir og Siv Friðleifsdóttir. |
| New York 12.–24. október 2008 | Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna. Guðfinna S. Bjarnadóttir og Ásta R. Jóhannesdóttir. |

ERLENDAR HEIMSÓKNIR TIL ALÞINGIS Á 136. LÖGGJAFARÞINGI

| | |
|---------------------------|-------------------|
| Utanríkisráðherra Færeyja | 19. nóvember 2008 |
| Forseti Norðurlandaráðs | 27. janúar 2009 |
| Utanríkisráðherra Albaníu | 12. febrúar 2009 |

Snar þáttur í starfi forseta Alþingis er ævinlega að sinna samskiptum við önnur þing og ýmsa gesti Alþingis. Forseti Alþingis tekur ár hvert á móti fjölda gesta í Alþingishúsinu, bæði forsetum annarra þinga og erlendum sendinefndum, sem og öðrum gestum. Þá heim-

sækja margir gestir annarra stjórnvalda forseta Alþingis. Vegna efnahagsþrenginga var þó nokkru minna um heimsóknir en alla jafna.

Alþingi tekur þátt í starfi nýu fjölþjóðlegra þingmannasamtaka og á yfirliti um störf alþjóðanefnda hér að ofan má sjá helstu fundi

og ráðstefnur sem hver Íslandsdeilda sótti. Einstakir nefndarmenn sækja jafnframt ráðstefnur og nefndafundi sem ekki eru títundaðir hér en má finna í ársskýrslu hvernar nefndar.

ÚTGÁFUEFNI ALÞINGIS OG FRÆÐSLA FYRIR ALMENNING

VEFUR ALÞINGIS

Gestir á vef Alþingis voru flestir undir lok ársins 2008, frá október til desember. Flettingar voru 5.222.448 á árinu (435.204 á mánuði) í 1.164.370 innlitum yfir árið (97.031 á mánuði). Gestum á vef fækkar í þinghléum og fjölgar þegar þing kemur aftur saman. Rúmlega 500 fyrirspurnir bárust í tölvupósti til ritstjóra vefs Alþingis árið 2008. Langflestar vörðuðu leit í lagasafni og leit að þingmálum, ræðum og öðru efni sem tengist þingstörfum.

Könnun var gerð á vef Alþingis sem opin var almenningi frá 29. maí til 6. júní 2008 og luku 539 manns við að svara spurningum. Könnunin var einnig send á þingmenn, starfsmenn skrifstofu Alþingis, aðstoðarmenn þingmanna og þingfréttaritara. Samtals fengust svör frá yfir 600 þátttakendum. Samkvæmt könnuninni er almenn ánægja með vef Alþingis en jafnframt komu fjölmargar gagnlegar athugasemdir fram.

SKJALAAFGREIÐSLA FYRIR ALMENNING

Hjá skjalaafgreiðslu eru þingskjöl afgreidd til almennings og innan skrifstofu þingsins. Þar eru einnig veittar upplýsingar í síma um leit á vef Alþingis. Gestakomum

Heimsóknir á vef Alþingis árið 2008

| Mánuðir | Gestir | Innlit | Flettingar |
|-----------|-----------|-----------|------------|
| Janúar | 28.431 | 89.775 | 405.588 |
| Febrúar | 28.988 | 97.506 | 449.822 |
| Mars | 26.399 | 85.469 | 384.477 |
| Apríl | 39.888 | 118.471 | 514.533 |
| Maí | 27.933 | 101.506 | 533.262 |
| Júní | 19.756 | 61.044 | 279.769 |
| Júlí | 16.755 | 49.593 | 194.475 |
| Ágúst | 18.654 | 54.509 | 231.609 |
| September | 26.702 | 91.192 | 417.640 |
| Oktober | 39.768 | 125.089 | 524.324 |
| Nóvember | 61.130 | 166.052 | 664.229 |
| Desember | 36.720 | 124.164 | 622.720 |
| Samtals | 1.164.370 | 5.222.448 | |



Nemendur í Háteigsskóla á Skólalþingi í mars 2009.

og fyrirspurnum hefur farið fækkandi á síðustu árum enda er orðið til muna auðveldara að nálgast upplýsingar á vef.

HEIMSÓKNIR SKÓLANEMA OG ANNARRA HÓPA Í ALÞINGISHÚSIÐ

Árið 2008 komu 4.908 gestir í Alþingishúsið. Flestir gestanna eru nemendur sem koma í skipulögðum heimsóknnum á vegum skóla, grunnskólanemar voru 1.989, framhaldsskólanemar 1.264

og háskólanemar 228. Tölur um heimsóknir ná ekki yfir gesti sem koma á þingpalla til að hlýða á þingfund, gesti þingforseta eða nemendur sem koma í Skólalþing, kennsluver Alþingis.

Í Skólalþing komu tæplega 1.100 grunnskólanemar í um 50 heimsóknnum, flestir í 10. bekk. Í nóvember 2008 var liðið ár frá vísu Skólalþings.

EFNI ÚTGEFIÐ AF ALÞINGI Á 136. LÖGGJAFARÞINGI

| | |
|-------------------------------|--|
| Starfsáætlun Alþingis | Við upphaf þings í október |
| Staða þingmála | Vikulega á meðan þingfundir standa |
| Staða mála í fastanefndum | Vikulega á meðan þingfundir standa |
| Hagfréttir upplýsingaþjónustu | Vikulega á þingtíma |
| Velkomin á þingpalla | Uppfært eftir þörfum á þingtíma, kom út sjö sinnum |
| Yfirlit yfir fastanefndir | Uppfært eftir þörfum á þingtíma, kom út tvisvar sinnum |
| Yfirlit yfir alþjóðanefndir | Uppfært eftir þörfum á þingtíma, kom út tvisvar sinnum |
| Bústaðalisti | Oktober 2008 |
| Símaskrá Alþingis | September 2008 og febrúar 2009 |
| Ársskýrsla Alþingis 2007–2008 | Desember 2008 |
| Alþingistiðindi | Koma út reglulega allt árið |

NÝJUNGAR Í STARFI SKRIFSTOFUNNAR

Stofnuð var ný staða skjalastjóra á skrifstofu Alþingis á árinu 2008 í því skyni að koma betri skipan á skjalasafn þingsins og innleiða skjalastjórnunarkerfi sem nær til allra eininga skrifstofunnar.

STARFSMENN SKRIFSTOFU ALÞINGIS

1. JANÚAR 2009

SKRIFSTOFUSTJÓRI

Helgi Bernódusson.

AÐSTOÐARSKRIFSTOFUSTJÓRAR

Karl M. Kristjánsson aðstoðarskrifstofustjóri, rekstur – staðgengill skrifstofustjóra.

Vigdís Jónsdóttir aðstoðarskrifstofustjóri, þingstörf.

Þorsteinn Magnússon aðstoðarskrifstofustjóri, stjórnsýsla.

SKRIFSTOFA FORSETA ALÞINGIS

Ásdís Káradóttir skjalastjóri.

Ásmundur Helgason aðallögfræðingur.

Hafdís Þórolfsdóttir ritari.

Jón Einar Böðvarsson skjalavörður og ritstjóri efnisyfirlits.

Jörundur Kristjánsson alþjóðaritari.

ÞINGFUNDASKRIFSTOFA

Ingvar Þór Sigurðsson forstöðumaður.

Sigurður Jónsson aðstoðarforstöðumaður.

Berglind Karlsdóttir fulltrúi.

Björgvin Geir Kemp tæknistjóri.

FJÁRMÁLASKRIFSTOFA

Sandra Sveinbjörnsdóttir forstöðumaður.

Ágúst Karlsson aðalbókari.

Fjóla Valdimarsdóttir gjaldkeri, launafulltrúi.

Ingibjörg Jónsdóttir endurmenntunarfylltrúi.

Katrín Hermannsdóttir fulltrúi.

Saga Steinþórsdóttir launafulltrúi.

NEFDASVIÐ

Sigrún Brynja Einarsdóttir forstöðumaður.



Bjarnís Gunnarsdóttir og Þorsteinn Magnússon í kveðjusamseti sem henni var haldið í matstofu Alþingis í Skála 15. janúar 2009. Bjarnís var matráðskona í nefndadeild (síðar nefndasvið) skrifstofu Alþingis 1990–2008 og Þorsteinn var deildarstjóri nefndadeildar um árabíl.

Fastanefndir

Elín Valdís Þorsteinsdóttir deildarstjóri.

Aðalbjörg Rós Óskarsdóttir skjalalesari/ritari.

Brynhildur Pálmarsdóttir nefndarritari.

Eiríkur Áki Eggertsson nefndarritari.

Gautur Sturluson nefndarritari.

Guðríður Sigurðardóttir matráðskona.

Hanna Sigríður Garðarsdóttir

matráðskona.

Hildur Eva Sigurðardóttir nefndarritari.

Kristjana Benediktsdóttir skjalavörður.

Ólafur Elfar Sigurðsson nefndarritari.

Ragnheiður Bogadóttir nefndarritari.

Ragnheiður Sumarliðadóttir fulltrúi.

Selma Hafliðadóttir nefndarritari.

Sigrún Helga Sigurjónsdóttir ritari

nefndasviðs.

Sigurður Rúnar Sigurjónsson nefndarritari.

Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir

nefndarritari (fæðingarorlof).

Þröstur Freyr Gylfason nefndarritari.

Alþjóðanefndir

Stígur Stefánsson deildarstjóri.

Arna Gerður Bang alþjóðaritari.

Erla Nanna Jóhannsdóttir fulltrúi.

Lárus Valgarðsson alþjóðaritari.

Magnea Kristín Marinósdóttir alþjóðaritari.

Skjaladeild

Svala Valdemarsdóttir deildarstjóri.

Álfhildur Álfþórsdóttir skjalalesari.

Erna Erlingsdóttir skjalalesari.

Friðrik Magnússon ritstjóri.

Guðrún Þóra Guðmannsdóttir ritstjóri skjala.

Haukur Hannesson skjalalesari.

Hugrún R. Hólmgeirsdóttir skjalalesari.

Þórdís Kristleifsdóttir skjalalesari.

UPPLÝSINGA- OG ÚTGÁFUSVIÐ

Solveig K. Jónsdóttir forstöðumaður.

Almannatengsl

Hildur Gróa Gunnarsdóttir deildarstjóri og vefritstjóri.

Arna Björk Jónsdóttir upplýsingafulltrúi.

Ræðuútgáfa

María Gréta Guðjónsdóttir deildarstjóri og ritstjóri.

Sigurlín Hermannsdóttir deildarstjóri og ritstjóri.



Ragnar Bragason lét afstörfum sem aðstoðarmaður umsjónarmanns fasteigna á Alþingi árið 2008 eftir 18 ár í starfi. Af því tilefni var haldið kveðjusamsæti 15. janúar 2009 í matstofu Alþingis í Skála. Með Ragnari eru Ólafur Thorarensen til vinstri og Gunnar Ingibergsson og Eggert Jónsson til hægri.

Berglind Steinsdóttir ræðulesari.
 Birgitta Bragadóttir ræðulesari.
 Hlöðver Ellertsson ræðulesari.
 Jón Ólafsson ræðuritari.
 Jóna Guðmundsdóttir ræðulesari.
 Kolfinna Jónatansdóttir ræðulesari.
 Laufey Einarisdóttir ræðulesari.
 Pétur Einarsson umsjónarmaður skjalageymslu.

Sigríður H. Þorsteinsdóttir ræðulesari.
 Svanhildur Edda Þórðardóttir ræðulesari.
 Sverrir Herbertsson umsjónarmaður skjalageymslu.

Skönnun Alþingistíðinda, Ólafsfirði

Magnús Albert Sveinsson verkefnisstjóri.
 Guðný Ágústsdóttir fjarvinnsluritari.
 Kristjana Rannveig Sveinsdóttir fjarvinnsluritari.
 Sigríður Guðmundsdóttir fjarvinnsluritari.
 Þorvaldur Hreinsson fjarvinnsluritari.

Upplýsingaþjónusta

Kristín Geirsdóttir deildarstjóri.
 Guðbjörg Kristín Kjartansdóttir fulltrúi.
 Guðný Ragnarsdóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur.

Jón Ólafur Ísberg sérfræðingur.
 Viggó Gíslason bókasafns- og upplýsingafræðingur.

REKSTRAR- OG ÞJÓNUSTUSVIÐ

Ólöf Þórarinsdóttir forstöðumaður/
 deildarstjóri almennrar þjónustu.

Almenn þjónusta

Alda Júlía Magnúsdóttir ræstir.
 Bentína Haraldsdóttir umsjónarmaður.
 Bentína Jónsdóttir ræstir (veikindaleyfi).
 Dóra Guðrún Pálsdóttir ritari þingmanna.
 Eggert Jónsson aðstoðarmaður umsjónarmanns fasteigna.
 Egill Arnarson ritari þingmanna.
 Elísabet Stefánsdóttir ritari þingmanna.
 Erna Guðrún Gunnarsdóttir framreiðslukona.
 Gunnar Ingibergsson arkitekt (tímavinna).
 Helga Björk Jósefsdóttir ræstir.
 Joanne Elizabeth Kearney ræstir.
 Jóna Brynja Tómasdóttir ræstir.
 Katarzyna Wozniowska ræstir.
 Laufey Helga Guðmundsdóttir ræstir.
 Magnúsína Valdimarsdóttir þjónustufulltrúi á skiptiborði.
 Margrét Ósk Árnadóttir ritari þingmanna.

Natalia Viktorovna Kovachkina ræstir.
 Ólafía K. Jónsdóttir ritari þingmanna.
 Ólafur G. Thorarensen umsjónarmaður fasteigna.

Ólöf Guðmundsdóttir ræstir.
 Ragnheiður Gunnarsdóttir þjónustufulltrúi á skiptiborði.
 Raket Ragnarsdóttir þjónustufulltrúi á skiptiborði.

Rannveig Haraldsdóttir ritari þingmanna.

Regína Óskarsdóttir ritari þingmanna.
 Sighvatur Hilmar Arnmundsson ritari þingmanna (fæðingarorlof).

Sigríður Dögg Guðmundsdóttir þjónustufulltrúi á skiptiborði.

Svana Björnsdóttir framreiðslukona.
 Sveinborg Steinunn Olsen framreiðslukona/ræstir.

Þorbjörg Sigríður Þorsteinsdóttir matráðskona.

Þórunn Einarisdóttir ræstir.

Tölvudeild

Þorbjörg Árnadóttir deildarstjóri.
 Dejan Rackov forritari.
 Garðar Adolffson kerfisstjóri.
 Grímur Jónsson kerfisstjóri.
 Ingi Stígsson verkefnastjóri.
 Sveinn Ásgeir Jónsson net- og kerfisstjóri.

Þingvarsla

Guðlaugur Ágústsson deildarstjóri.
 Agnar Berg Sigurðsson næturvörður.
 Brynjar Nikulás Benediktsson þingvörður.
 Friðleifur Helgason þingvörður.
 Gísli Ólafsson þingvörður.
 Guðfinna Gísladóttir þingvörður.
 Kjartan Egilsson þingvörður.
 Kristín Halla Hilmarsdóttir þingvörður.
 María Ditas de Jesus þingvörður.
 Páll Ólafsson næturvörður.
 Sigurður Guðmundsson næturvörður.
 Sigurjón Sigurðsson næturvörður.
 Smári Sæmundsson næturvörður.
 Vilhjálmur Gunnar Jónsson þingvörður.
 Þormóður Sveinsson vaktstjóri.

YFIRSTJÓRN OG FORSTÖÐUMENN

Líkt og á undanförunum árum hélt yfir-
stjórn skrifstofunnar vikulega fundi á
meðan þing sat en færri fundir voru í
þinghléi. Fundir voru yfirleitt haldnir á
þriðjudagsmorgnum og stóð hver þeirra
að jafnaði í eina og hálf klukkustund. Á
136. þingi hélt yfirstjórn 28 fundi.
Yfirstjórn og forstöðumenn funduðu
einnig yfirleitt saman á þriðjudags-
morgnum, að loknum fundum yfir-
stjórnar, og voru 17 slíkir fundir haldnir
á 136. þingi.

KVEÐJUSAMSÆTI FYRIR STARFSMENN

Tveir af starfsmönnum skrifstofunnar
létu af störfum á 136. þingi eftir langt og
gott starf á skrifstofunni. Það voru
Bjarnís Gunnarsdóttir, matráðskona á
nefndasviði, og Ragnar Bragason sem
starfaði við eignaumsjón. Kveðjusamsæti
var haldið þeim til heiðurs í Skála 15.
janúar 2009. Helgi Bernódusson skrif-
stofustjóri og Ingvi Stígsson, formaður
Félags starfsmanna Alþingis, færðu þeim
gjafir og þökkudu þeim fyrir vel unnin
störf í áraradír, en Bjarnís og Ragnar
höfu bæði störf hjá Alþingi árið 1990.

FRÆÐASAMFÉLAG STARFSMANNA

Innan skrifstofunnar er starfandi
Fræðafélag sem er vettvangur starfsfólks
Alþingis fyrir umræður um efni sem
hefur ríka skírskotun til starfa þess fyrir
þingið. Á 136. þingi stóð félagið fyrir
þremur vel sóttum fræðslufundum.
Föstudaginn 17. október 2008 kynnti
Þróstur Freyr Gylfason MA-ritgerð sína
sem fjallar um þátttökuvald og áhrifavald
kjörinna ríkja í störfum öryggisráðs
Sameinuðu þjóðanna. Sama dag fór fram
kosning á allsherjarþingi Sameinuðu
þjóðanna um laust sæti í öryggisráðinu
og var Ísland þar í framboði en náði ekki
kjöri.

Solveig K. Jónsdóttir, forstöðumaður
upplýsinga- og útgáfusviðs, og Kristín
Geirsdóttir, deildarstjóri á upplýsinga-

ERLEND SAMSKIPTI STARFSFÓLKS Á ÁRINU 2008

| | |
|---------------|---|
| Vaasa | XXVIII. Vakki-málþingið um fagmál, þýðingar og fjöltyngi. Sigurður Jónsson, aðstoðarforstöðumaður á þingfundaskrifstofu. |
| París | Ráðstefna OECD um ástandið á fjármálamörkuðum heimsins. Eiríkur Áki Eggertsson, nefndarritari á nefndasviði. |
| Ósló | Heimsókn í norska Stórþingið til að skoða nýja nefndaaðstöðu. Sigrún Brynja Einarsdóttir, forstöðumaður nefndasviðs. |
| Stokkhólmur | Norræn og baltnesk málstofa um skýrt málfar í lögum. Álfhildur Álfþórsdóttir, skjalalesari á nefndasviði, og Elín Valdís Þorsteinsdóttir, deildarstjóri á nefndasviði. |
| París | Ráðstefna OECD. Jón Ólafur Ísberg, sérfræðingur í upplýsingaþjónustu. |
| Stokkhólmur | Upplýsingatækniráðstefna norrænu þinganna. Þorbjörg Árnadóttir, deildarstjóri tölvudeildar, Ingvi Stígsson, verkefnastjóri í tölvudeild, og Sveinn Ásgeir Jónsson, net- og kerfisstjóri í tölvudeild. |
| Stokkhólmur | Fundur forstöðumanna þingbókasafna Norðurlandþinga. Kristín Geirsdóttir, deildarstjóri upplýsingaþjónustu. |
| Færeyjar | Vestnorrænt nefndarritaramót. Sigrún Brynja Einarsdóttir forstöðumaður, Elín Valdís Þorsteinsdóttir deildarstjóri, Eiríkur Áki Eggertsson og Hildur Eva Sigurðardóttir, nefndarritarar á nefndasviði. |
| Haag | Aukafundur IPRS (International Parliamentary Reporters Section, alþjóðasamtaka ræðudeilda þjóðþinga). María Gréta Guðjónsdóttir og Sigurlín Hermannsdóttir, deildarstjórar ræðuútgáfu. |
| Dublin | Kynnisfyrir upplýsingaþjónustu írska þingsins. Solveig K. Jónsdóttir, forstöðumaður upplýsinga- og útgáfusviðs, og Kristín Geirsdóttir, deildarstjóri upplýsingaþjónustu. |
| Helsinki | Fundur þingfundaskrifstofa norrænu þjóðþinganna. Vigdís Jónsdóttir aðstoðarskrifstofustjóri, Sigrún Brynja Einarsdóttir, forstöðumaður nefndasviðs og Ásmundur Helgason aðallögfræðingur. |
| Kaupmannahöfn | Ársfundur vinnuhóps ECPRD-ICT (European Centre for Parliamentary Research and Documentation, Information and Communication Technology). Ingvi Stígsson, verkefnastjóri í tölvudeild. |

og útgáfusviði, héldu erindi 7. nóvember
um rannsóknþjónustu írska þingsins
sem þær kynntu sér í heimsókn sinni
þangað.

Þá kynntu þær Vala Garðarsdóttir
fornleifafræðingur, sem stýrir uppgeftri
á Alþingisreit, og Kristín Huld Sigurðar-
dóttir, forstöðumaður Fornleifaverndar
ríkisins, föstudaginn 29. janúar 2009,
fornleifauppgröft og rannsóknir á reit-
um og síðan var farin skoðunarferð um
svæðið.

HÚSAKOSTUR ALÞINGIS



Fornleifafræðingar við athuganir á Alþingisreit grófu niður á minjar frá 9. og 10. öld.

FORNLEIFAATHUGANIR Á ALÞINGISREIT

Áfram var unnið að undirbúningi nýbygginga á Alþingisreit í samræmi við deiliskipulag sem kynnt var á árinu 2007. Það gerir ráð fyrir flutningi Vonarstrætis 12 yfir í Kirkjustræti við hlið Skjaldbreiðar og að reist verði 7.100 m² nýbygging undir starfsemi Alþingis. Fornleifaathuganir á Alþingisreit voru tímafrekari en reiknað hafði verið með og stóðu þær allt árið 2008 og fram á haust 2009. Uppgreftri á Alþingisreitnum sem hófst í júlí 2008 var haldið áfram á árinu og sýna niðurstöður fornleifafræðinga að blómlegt mannlíf hefur verið á svæðinu allt frá landnámi fram á okkar tíma. Þar hafa meðal annars fundist nokkrir járnvinnsluofnar frá 9. og 10. öld sem benda til umfangsmikillar járnvinnslu, stór kola-gröf sem talin er vera gerð rétt eftir árið 871, merki um ullarþvott og fleira sem bendir til að þarna hafi verið eitt mesta iðnaðarsvæði landsins.

HÚS Í EIGU ALÞINGIS

| HÚS Í EIGU ALÞINGIS | STARFSEMI |
|---------------------------------------|---|
| Alþingishúsið | Þingsalur, fundarherbergi, vinnuástaða fréttamanna og skrifstofur starfsfólks. |
| Skáli | Aðalinngangur í Alþingishúsið, pósthólf þingmanna, fundarherbergi, símaskiptiborð, matsalur, bílageymsla og ljósritun. |
| Þórshamar | Skrifstofur starfsfólks upplýsinga- og útgáfusviðs og rekstrar- og þjónustusviðs. |
| Vonarstræti 8 | Skrifstofur starfsfólks upplýsinga- og útgáfusviðs. |
| Vonarstræti 12 | Skrifstofur þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. |
| Blöndahls- og Kristjánshús | Skrifstofur forseta Alþingis, skrifstofustjóra, starfsfólks forseta og og fjármálaskrifstofu. |
| Jónshús í Kaupmannahöfn | Félagshemili og bókasafn Íslendinga í Kaupmannahöfn. Minningasafn í Kaupmannahöfn um Jón Sigurðsson og Ingibjörgu Einarsdóttur. |
| Fræðimannsíbúð í Kaupmannahöfn | Sérstök nefnd úthlutar árlega íbúðinni til fræðimanna eftir umsóknum. |

HÚS SEM ALÞINGI LEIGIR

| HÚS SEM ALÞINGI LEIGIR | STARFSEMI |
|---------------------------|---|
| Austurstræti 8–10A | Skrifstofur þingmanna Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Skrifstofur starfsfólks nefndasviðs og fundarherbergi fastanefnda. |
| Austurstræti 12 | Skrifstofur þingmanna Framsóknarflokks og Samfylkingar. |
| Austurstræti 14 | Skrifstofur þingmanna Framsóknarflokks, Frjálslynda flokksins og Samfylkingar. |
| Aðalstræti 6 | Vegna flutninga Vonarstrætis 12 í Kirkjustræti. |



Þrifa þurfti Alþingishúsið og hreinsa rusl úr garðinum að morgni 21. janúar 2009 eftir fjölmenn mótmæli daginn áður og um nóttina.

SKEMMDIR Á ALÞINGISHÚSINU

Útífundir voru haldnir á Austurvelli frá því í október 2008 og fram á vor 2009 til að mótmæla efnahagsástandinu á Íslandi og stjórnvöldum. Þegar mest var söfnuðust þúsundir manna saman á Austurvelli. Í janúar 2009 brutust út óeirðir meðal hóps mótmælenda. Mestar skemmdir voru unnar á Alþingishúsinu dagana 20.–22. janúar. Rúður voru brotnar í tugatali, málningu slett á húsið og eldur borinn að því.



Háþrýstibúnaður var notaður til að hreinsa matvæli og málningu af Alþingishúsinu í mótmælum í janúar 2009.



Að morgni 22. janúar 2009 var skipt um rúður í Alþingishúsinu sem voru brotnar í mótmælum um nóttina. Um 50 rúður voru skemmdar í mótmælum veturinn 2008–2009.

STOFNANIR ALÞINGIS

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Umboðsmaður Alþingis starfar samkvæmt lögum nr. 85/1997. Hlutverk hans er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórn-sýslu ríkis og sveitarfélaga og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum lands-ins. Umboðsmaður getur tekið mál til meðferðar eftir kvörtun eða að eigin frumkvæði. Nánar er kvæðið á um hlutverk umboðsmanns í reglum nr. 82/1988, um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis, samanber reglur nr. 106/1994. Umboðsmaður Alþingis er kjörinn til fjög-urra ára í senn. Á haustþingi 2007 var Tryggvi Gunnarsson endurkjörinn umboðsmaður Alþingis til fjögurra ára, frá 1. janúar 2008 að telja. Hinn 1. janúar 2009 var Tryggvi ráðinn tímabundið til rannsóknarnefndar Alþingis sem var komið á fót með lögum nr. 142/2008 til þess að rannsaka aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Í fjarveru hans var Róbert R. Spanó, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, settur af hálfu forsætisnefndar Alþingis í embætti umboðsmanns. Róbert sinni daglegum störfum umboðsmanns en nánari verkaskipting var ákveðin af kjörn-um umboðsmanni. Á árinu 2008 voru skráð 346 mál. Þar af voru 340 kvartanir en sex mál voru tekin upp að frumkvæði umboðsmanns. Lokið var 354 málum (112 voru til meðferðar í ársbyrjun en 104 í árslok). Starfsmenn umboðsmanns Alþingis voru 11 í árslok 2008.

RÍKISENDURSKOÐUN

Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis samkvæmt lögum nr. 86/1997, samanber lög nr. 56/2009. Meginhlutverk stofnunarinnar er að endurskoða ríkisreikning og reikninga þeirra sem hafa með höndum rekstur og fjárvörslu á vegum ríkisins. Enn fremur skal hún annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Þá getur stofnunin framkvæmt stjórn-sýsluendurskoðun og kannað hvernig stjórnvöld framfylgja áætlunum og lagafyrirmælum á sviði umhverfismála.

Forsætisnefnd Alþingis ræður ríkisendurskoðanda til sex ára í senn. Sveinn Arason var ráðinn í embætti ríkisendurskoðanda til sex ára frá og með 1. júlí 2008. Fastráðnir starfsmenn voru 49 í árslok 2008. Enn fremur voru á sama tíma í gildi samningar við 10 löggilta endurskoðendur eða skrifstofur um endurskoðun ríkisfyrirtækja og stofnana. Samtals áritaði stofnunin 305 ársreikninga og samdi 222 endurskoðunarbréf á árinu 2008. Auk skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings sendi stofnunin frá sér átta skýrslur með niðurstöðum stjórn-sýsluúttekta, eina skýrslu um framkvæmd fjárlaga og eina um framkvæmd þjónustusamnings sem ríkið hefur gert við einkaaðila. Alls voru 11 skýrslur gerðar opinberar á árinu en auk þeirra lauk stofnunin nokkrum greinargerðum sem eingöngu voru sendar þeim ráðuneytum og stofnunum sem í hlut áttu.

JÓNSHÚS Í KAUPMANNAHÖFN

Jónshús við Øster-Voldgade 12 í Kaupmannahöfn hefur verið í eigu Alþingis frá árinu 1967 er Carl Sæmundsen stórkaupmaður og Johanne kona hans gáfu það í minningu Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur. Jón og Ingibjörg bjuggu í húsinu frá árinu 1852 allt til dauðadags 1879. Árið 1970 hófst rekstur í húsinu og nú er þar félagsheimili Íslendinga í Kaupmannahöfn, bókasafn og minningasafn um Jón Sigurðsson og Ingibjörgu Einarsdóttur. Einnig hafa Stúdentafélagið, Íslendingafélagið og íslenski söfnuðurinn aðstöðu í húsinu. Árið 1991 var keypt íbúð við Skt. Paulsgade 70 fyrir fræðimann en fram að því höfðu fræðimenn haft íbúð í Jónshúsi. Stjórn Jónshúss ber ábyrgð á rekstri hússins í umboði forseta Alþingis og forsætisnefndar. Sérstök nefnd úthlutar árlega íbúðinni til fræðimanna eftir umsóknum. Fyrir tímabilið 1. september 2008 til 31. ágúst 2009 bárust 24 umsóknir um afnot af íbúðinni. 11 fræðimenn fengu úthlutað:



Útifundir voru haldnir á Austurvelli frá því í október 2008 og fram á vor 2009 til að mótmæla efnahagsástandinu á Íslandi. Þegar mest var söfnuðust þúsundir manna saman.

- Anna Soffía Hauksdóttir, til að vinna að verkefni sem nefnist „Lausnir diffurjafna til hönnunar stýringa“.
- Ellen Mooney, til að vinna að samnor-rænu verkefni sem lýtur að því að greina smásjársýni í gegnum veraldarvefinn með skönnuðum sýnum.
- Guðjón Friðriksson, til að vinna að riti um sögu Kaupmannahafnar sem höfuðborgar Íslands.
- Jón Torfason, til að rannsaka feril Íslendinga sem dvöldu við iðnnám í Danmörku á 18. og 19. öld.
- Kristín G. Guðnadóttir, til að rannsaka tengsl Svavars Guðnasonar við danskt listalíf.
- Kristján Árnason, til að vinna að hljóð-fræðilegum rannsóknum á færeysku.
- Lára G. Oddsdóttir, til að rannsaka hlutverk og stöðu prestsins í verkum Gunnars Gunnarssonar.
- Már Jónsson, til að vinna að bók á ensku um Árna Magnússon handritasafnara.
- Sveinn Einarsson, til að rannsaka feril Guðmundar Kambans í Danmörku.
- Vilhjálmur Árnason, til að vinna að rannsóknum á vísindalæsi í lýðræðis-þjóðfélagi.
- Þóra Kristjánsdóttir, til að afla upplýsinga um Íslendinga í listnámi í Kaupmannahöfn á 17. og 18. öld.



Verðlaun Jóns Sigurðssonar 2009 afhent. Talið frá vinstri: Anna Agnarsdóttir, formaður úthlutunarnefndar fræðimannsíbúðar Húss Jóns Sigurðssonar og prófessor í sagnfræði, Erik Skyum-Nielsen bókmenntafræðingur, dr. Vesteinn Ólason, fyrrverandi forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar, og Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis.

HÁTÍÐ JÓNS SIGURÐSSONAR

Sérstök hátíð Jóns Sigurðssonar var haldin í Jónshúsi í annað sinn 23. apríl 2009, á sumardaginn fyrsta. Verðlaun Jóns Sigurðssonar forseta árið 2009 hlaut Erik Skyum-Nielsen bókmenntafræðingur. Hann hefur verið ötull þýðandi íslenskra samtímabókmennta og hlotið mikið lof fyrir. Hann hefur meðal annars þýtt skáldverk Einars Más Guðmundssonar, Fríðu Á. Sigurðardóttur og Thors Vilhjálmssonar, en verk þeirra allra hafa hlotið bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs. Erik Skyum-Nielsen hefur stundað rannsóknir á íslenskum bókmenntum og fjallað um þær í fjölmiðlum, fræðiritum og á vísindaráðstefnum, bæði innan Danmerkur og utan. Hann hefur því með störfum sínum lagt drjúgan skerf til íslenskrar menningar. Hann var sæmdur fálkaorðunni fyrir þýðingar á íslenskum bókmenntum á dönsku og kynningu íslenskra bókmennta í Danmörku 1. nóvember 2001.

VEFUR LANDSKJÖRSTJÓRNAR OPNAÐUR

Vefur landskjörstjórnar var formlega opnaður í Hlaðbúð í Alþingishúsinu 12. nóvember 2008. Gísli Baldur Garðarsson,

formaður landskjörstjórnar, opnaði síðuna en ritstjórar hennar eru Ásmundur Helgason, aðallögfræðingur Alþingis, og Þorkell Helgason stærðfræðingur. Á heimasíðunni verða birt úrslit kosninga og greinar og annað efni sem tengist kosningamálum og kosningafræði.

Landskjörstjórn fer með veigamikil hlutverk við undirbúning og framkvæmd kosninga til Alþingis og gefur út kjörbréf til þingmanna eins og nánar greinir í lögum nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis. Auk þess er á vegum landskjörstjórnar unnið að rannsóknum á kosningamálum og kosningafræði og verða ýmsar fróðlegar greinar um þessi efni birtar á síðunni. Á vegum landskjörstjórnar og skrifstofu Alþingis er unnið að almennri upplýsingagjöf um kosningamál, einkum um Alþingiskosningar, og er heimasíðan liður í því starfi.

RÁÐSTEFNA UM EFTIRLIT LÖGGJAFARVALDSINS MEÐ FRAMKVÆMDARVALDINU

Alþingi stóð fyrir ráðstefnu um þingeftirlit sem haldin var í Reykjavík 1. desember 2008.

Á meðal framsögumanna voru sérfræðingar frá Danmörku, Noregi og

Svíþjóð sem greindu frá þróun þingeftirlits í heimalöndum sínum.

Tildrög ráðstefnunnar voru þau að í júní 2008 ákvað forsætisnefnd Alþingis að fá sérfræðinga til að fara yfir lagareglur um þingeftirlit og leggja mat á hvort breytinga væri þörf. Í kjölfar þess var settur á laggirnar vinnuhópur sem falið var að fara yfir núgildandi lagareglur um eftirlit þingsins með handhöfum framkvæmdarvalds. Í vinnuhópinn voru skipuð Bryndís Hlöðversdóttir aðstoðarrektror, sem jafnframt var formaður hópsins, Andri Árnason hæstaréttarlögmaður og Ragnhildur Helgadóttir prófessor. Ritari hópsins var Ásmundur Helgason, aðallögfræðingur Alþingis.

ÞINGAFMÆLI

Hinn 10. október 2008 voru liðin 30 ár frá því að Jóhanna Sigurðardóttir tók sæti á Alþingi í fyrsta sinn 1978. Sama dag voru liðin 25 ár frá því að Steingrímur J. Sigfússon settist fyrst á þing 1983.

Til stóð að minnast þessara tímamóta með móttöku um það leyti en aðstæður ollu því að af henni gat ekki orðið. Á síðasta starfsdegi sínum sem forseti Alþingis, 4. febrúar 2009, afhenti Sturla Böðvarsson þeim Jóhönnu og Steingrími bókagjöf frá Alþingi í tilefni af þessum þingafmælum.



Þann 10. október 2008 voru liðin 30 ár frá því að Jóhanna Sigurðardóttir tók sæti á Alþingi í fyrsta sinn og 25 ár frá því að Steingrímur J. Sigfússon settist fyrst á þing. Af því tilefni afhenti Sturla Böðvarsson þeim bókagjöf frá Alþingi.



ÁRSREIKNINGUR ALÞINGIS 2008





Staðfesting forseta Alþingis og yfirstjórnar stjórnarsýslu


Á árinu 2008 var 12,1 millj. kr. tekjuhalli af rekstri Alþingis. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir 205,3 millj. kr., skuldir 47,3 millj. kr. og eigið fé nam 158,0 millj. kr. í árslok 2008.

Forseti Alþingis, skrifstofustjóri Alþingis og aðstoðarskrifstofustjóri, rekstur, staðfesta ársreikning Alþingis fyrir árið 2008 með áritun sinni.


Alþingi, 5. október 2009



Ásta R. Jóhannesdóttir
forseti Alþingis



Helgi Bernódusson
skrifstofustjóri Alþingis



Karl M. Kristjánsson
aðstoðarskrifstofustjóri, rekstur

Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Alþingis fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskila-aðferðir og aðrar skýringar.

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Alþingis á árinu 2008, efnahag 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 5. október 2009



Sveinn Arason
ríkisendurskoðandi

Rekstrarreikningur fyrir árið 2008

| Rekstrartekjur: | 2008 | 2007 |
|---|----------------------|----------------------|
| Sölutekjur | 10.219.409 | 8.787.544 |
| Aðrar tekjur | 1.400.553 | 10.652.394 |
| | <u>11.619.962</u> | <u>19.439.938</u> |
| Rekstrargjöld: | | |
| Alþingiskostnaður | 778.582.933 | 823.425.914 |
| Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka | 65.000.000 | 65.000.001 |
| Fastanefndir | 16.974.919 | 11.209.163 |
| Alþjóðasamstarf | 79.371.028 | 172.338.061 |
| Almennur rekstur | 912.410.224 | 775.956.500 |
| Sérverkefni | 43.105.367 | 37.443.788 |
| Breytingar á þingsköpum og bætt starfsaðstaða | 47.958.348 | 0 |
| Rekstur fasteigna | 226.404.001 | 189.796.237 |
| | <u>2.169.806.820</u> | <u>2.075.169.664</u> |
| Viðhald fasteigna | 55.177.433 | 121.006.721 |
| Stofnkostnaður | 45.476.879 | 164.892.909 |
| | <u>2.270.461.132</u> | <u>2.361.069.294</u> |
| Tekjuafgangur (tekjuhalli) án fjármagnsliða | (2.258.841.170) | (2.341.629.356) |
| Fjármunatekjur, (fjármagnsgjöld) | <u>7.060.831</u> | <u>6.171.750</u> |
| Tekjuhalli án ríkisframlags | (2.251.780.339) | (2.335.457.606) |
| Ríkisframlag | <u>2.239.700.000</u> | <u>2.329.800.000</u> |
| Tekjuafgangur (-halli) ársins | <u>(12.080.339)</u> | <u>(5.657.606)</u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

| Eignarhlutir í félögum: | 2008 | 2007 |
|---|---------------------|--------------------|
| Hlutafé | <u>229.110</u> | <u>92.000</u> |
| Veltufjármunir: | | |
| Ríkissjóður | 106.940.068 | 144.013.914 |
| Gjafabirgðir | 363.184 | 476.296 |
| Viðskiptakröfur | 40.913.189 | 15.886.793 |
| Handbært fé | <u>56.812.960</u> | <u>38.143.814</u> |
| Veltufjármunir | <u>205.029.401</u> | <u>198.520.817</u> |
| Eignir alls | <u>205.258.511</u> | <u>198.612.817</u> |
| Eigið fé og skuldir: | | |
| Höfuðstóll: | | |
| Höfuðstóll í ársbyrjun | 169.963.488 | 175.621.094 |
| Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins | <u>(12.080.339)</u> | <u>(5.657.606)</u> |
| Höfuðstóll | <u>157.883.149</u> | <u>169.963.488</u> |
| Annað eigið fé: | | |
| Framlag til eignamyndunar | <u>92.000</u> | <u>92.000</u> |
| Annað eigið fé | <u>92.000</u> | <u>92.000</u> |
| Eigið fé | <u>157.975.149</u> | <u>170.055.488</u> |
| Skammtímaskuldir | | |
| Viðskiptaskuldir | <u>47.283.362</u> | <u>28.557.329</u> |
| | <u>47.283.362</u> | <u>28.557.329</u> |
| Eigið fé og skuldir | <u>205.258.511</u> | <u>198.612.817</u> |

SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI 2008 (ÚTDRÁTTUR)

Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningur Alþingis er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006, og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðu-reikninga, nr. 696/1996.

Fjárheimildir og rekstur

Framlag á fjárlögum til Alþingis nam 2.429,1 millj. kr. á árinu 2008. Fjárheimildir Alþingis að fjárhæð 250 millj. kr. voru fluttar á fjárlagaliðinn 00-205, Framkvæmdir á Alþingisreit, vegna viðgerða og endurbóta á húsinu Skjaldbreiður. Einnig fékk Alþingi 10 millj. kr. framlag til að mæta hækkun á föstum framlögum til ferðakostnaðar þingmanna í kjördæmi eftir ákvörðun forsætisnefndar. Þá voru millifærðar 50,6 millj. kr. til Alþingis vegna launabóta. Fjárheimildir ársins 2008 námu því alls 2.239,7 millj. kr. Rekstrargjöld Alþingis, að frádregnum sértekjum, námu samtals 2.251,8 millj. kr. og urðu því um 12,1 millj. kr. eða 0,5% umfram fjárheimildir ársins 2008. Sundurliðun er sem hér greinir (í þús. kr.):

| | Reikningur 2008 | Fjárheimild 2008 | Mismunur kr. |
|---|--------------------|---------------------|-----------------|
| Alþingiskostnaður | 778.583 | 827.400 | 48.817 |
| Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka | 65.000 | 65.000 | 0 |
| Fastanefndir | 16.975 | 30.700 | 13.725 |
| Alþjóðasamstarf | 79.371 | 90.600 | 11.229 |
| Almennur rekstur | 912.410 | 838.100 | (74.310) |
| Sérverkefni | 43.105 | 45.200 | 2.095 |
| Breyting á þingsköpum og bætt starfsaðstaða | 47.958 | 98.800 | 50.842 |
| Rekstur fasteigna | 226.404 | 193.700 | (32.704) |
| Viðhald fasteigna | 55.177 | 24.000 | (31.177) |
| Stofnkostnaður, tæki, fasteignir | 45.477 | 44.600 | (877) |
| | 2.270.461 | 2.258.100 | (12.361) |
| Sértekjur | (11.620) | (18.400) | (6.780) |
| Fjármunatekjur, (fjármagnsgjöld) nettó | (7.061) | 0 | 7.061 |
| Samtals | 2.251.780 | 2.239.700 | (12.080) |

Yfirlit um rekstur

Launakostnaður hjá Alþingi hækkaði um 71,7 millj. kr. á milli árana 2007 og 2008 eða 5,4%. Launakostnaður í almennum rekstri hækkaði um 78,9 millj. kr. eða 13,2% og nýr launaliður kom inn vegna aðstoðarmanna þingmanna og nam 42,2 millj. kr. Launakostnaður vegna alþingismanna lækkaði um 53,0 millj. kr. eða 8,0%. Greidd ársverk í dagvinnu voru 182,6 samanborið við 184,5 árið áður sem er fækkun um 1%. Laun alþingismanna og starfsmanna hækkuðu um 2% frá 1. janúar 2008 samkvæmt kjarasamningum og ákvörðun kjararáðs. Þann 1. maí 2008 hækkuðu laun starfsmanna og alþingismanna um 20.300 kr. Auk framangreindra starfsmanna voru 12 fastráðnir starfsmenn við ræstingar hjá Alþingi á árinu 2008 auk afleysingarstarfsmanna.

| | 2008 | 2007 |
|----------------------|----------------------|----------------------|
| Launakostnaður | 1.397.485.244 | 1.325.725.026 |
| Önnur gjöld | 756.817.740 | 809.350.738 |
| Tilfærslur | 70.973.887 | 61.203.000 |
| Eignakaup | 45.476.879 | 164.929.162 |
| | <u>2.270.753.750</u> | <u>2.361.207.926</u> |
| Gjöld samtals | 2.270.753.750 | 2.361.207.926 |
| Sértekjur | (18.973.411) | (25.750.320) |
| | <u>2.251.780.339</u> | <u>2.335.457.606</u> |
| Gjöld umfram tekjur | 2.251.780.339 | 2.335.457.606 |

SKULDBINDINGAR UTAN EFNAHAGS

Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna Alþingis eru áhvílandi. Í samræmi við reikningsskila-reglu A-hluta ríkissjóðs eru þær ekki færðar í ársreikningum einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur eru þær færðar í einu lagi hjá ríkissjóði. Lífeyrisskuldbinding vegna starfsmanna Alþingis hefur ekki verið reiknuð sérstaklega.

SUNDURLIÐANIR

Alþingiskostnaður

Alþingiskostnaður lækkaði um 44,8 millj. kr. eða 5,4%. Þingfararkaup er föst laun alþingismanna. Þingfararkostnaður, fastar greiðslur, er starfskostnaður, ferðakostnaður í kjördæmi og húsnæðis- og dvalarkostnaður. Þingfararkaup er ákveðið af kjararáði en þingfararkostnaður, fastar greiðslur, af forsætisnefnd í ársbyrjun ár hvert. Þingfararkostnaður, aðrar greiðslur, er ýmis kostnaður samkvæmt reikningum tengdum alþingismönnum, s.s. símakostnaður, ferðakostnaður innanlands, dagblaðakaup, tryggingar o.fl. Þingfararkaup hækkaði þann 1. janúar 2008 um 2% og svo 1. maí um 20.300 kr. Lækkun kostnaðar milli ára við þingfararkaup má rekja til biðlauna á kosningarári 2007.

| | 2008 | 2007 |
|---|--------------------|--------------------|
| Þingfararkaup..... | 559.294.367 | 613.431.514 |
| Þingfararkostnaður, fastar greiðslur..... | 125.044.324 | 120.704.727 |
| Þingfararkostnaður, aðrar greiðslur | 94.244.242 | 89.289.673 |
| | <u>778.582.933</u> | <u>823.425.914</u> |

Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka

Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka er greiðsla Alþingis til þingflokka samkvæmt fjárlögum. Fjárveiting var óbreytt milli ára eða 65,0 millj. kr.

| | 2008 | 2007 |
|---|-------------------|-------------------|
| Þingflokkur Framsóknarflokksins | 9.912.500 | 9.953.125 |
| Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins | 21.125.000 | 20.531.250 |
| Þingflokkur Samfylkingarinnar | 15.437.500 | 18.414.107 |
| Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs | 12.512.500 | 10.333.795 |
| Þingflokkur Frjálslynda flokksins..... | 6.012.500 | 5.564.599 |
| Aðrir | 0 | 203.125 |
| | <u>65.000.000</u> | <u>65.000.001</u> |

Alþjóðasamstarf

Erlent samstarf á vegum Alþingis felst í þátttöku þingmanna í alþjóðlegum þingmannasamtökum, alls níu nefndum auk þátttöku í allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Í tengslum við þessa þátttöku eru reglulega haldnir fundir og ráðstefnur erlendis og á Íslandi. Útgjöld við alþjóðasamstarf lækkuðu um 93,0 millj. kr. frá fyrra ári eða 53,9%. Lækkun kostnaðar milli ára skýrist af NATO-þingi í Reykjavík haustið 2007.

| | 2008 | 2007 |
|---|-------------------|--------------------|
| Íslandsdeild Norðurlandaráðs | 19.219.448 | 12.028.389 |
| Íslandsdeild NATO-þingsins | 6.031.761 | 3.092.735 |
| Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins | 7.087.935 | 4.730.396 |
| Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA | 10.246.918 | 5.681.282 |
| Alþjóðaðaþingmannasambandið | 7.562.272 | 6.862.156 |
| Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins | 12.606.565 | 9.324.871 |
| Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu | 4.928.460 | 2.848.564 |
| Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins | 1.624.357 | 1.477.248 |
| Ráðstefnur og fundir á Íslandi | 5.974.196 | 124.520.644 |
| Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál og annað erlent samstarf | 4.089.116 | 1.771.776 |
| | <u>79.371.028</u> | <u>172.338.061</u> |

ALÞINGI: 150 Reykjavík
Sími: 563 0500
Fax: 563 0550
skrifstofa@althingi.is
www.althingi.is

SKRIFSTOFUSTJÓRI: Helgi Bernóðsson

RÍKISENDURSKOÐUN: Skúlagötu 57
105 Reykjavík
Sími: 569 7100
Fax: 562 4546
postur@rikisend.is
www.rikisendurskodun.is

RÍKISENDURSKOÐANDI: Sveinn Arason

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS: Álftamýri 7
108 Reykjavík
Sími: 510 6700
Fax: 510 6701
postur@umb.althingi.is
www.umbodsmaduralthingis.is

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS: Tryggvi Gunnarsson

© Skrifstofa Alþingis, 2010

ÁRSSKÝRSLA ALÞINGIS: Störf 136. löggjafarþings
Ársreikningur árið 2008
ISSN 1561-7661

LJÓSMYNDIR: Pálmi Dungal: forsíða, bls. 6, 30-31, 32.
Bragi Þór Jósefsson: bls. 8, 10, 11, 16, 17.
Guðmundur Ingólfsson: bls. 7.
Ólafur Rafnar Ólafsson: bls. 27.
Kristinn Ingvarsson: bls. 28.
Aðrar myndir tóku starfsmenn skrifstofu Alþingis

PRENTVINNSLA: Svansprent ehf.



ALÞINGI | 150 REYKJAVÍK | SÍMI 563 0500 | FAX 563 0550 | WWW.ALTHINGI.IS